# FRÉTTABLAÐIÐ

116. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 18. MAÍ 2018




Heimsmet í handstöðu var slegið í Laugardalshöll í gær þegar 607 manns á öllum aldri stóðu á höndum á sama tíma. Uppákoman var liður í afmælisfögnuði Fimleikasambands Íslands en það fagnaði hálfrar aldar afmæli í gær. Heimsmetið var slegið með glæsibrag en fyrra met var 399 manna handstaða. Vonast er til að Guinness staðfesti heimsmetið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Þörf á nýrri nálgun á dvalarmál aldraðra

**Yfirlæknir öldrunarlækninga á Landspítala segir tíma núna til að gera breytingar á dvalarmálum aldraðra. Biðlistar eftir hjúkrunarrými hafa lengst verulega. Fjölgun þeirra skammgóður vermir og tekur ekki á undirliggjandi vanda. Meðalbiðtími 2018 er 126 dagar.**

**VELFERÐARMÁL** Frá ársbyrjun 2014 hefur öldruðum á biðlista eftir hjúkrunarrýmum fjölgað um sextíu prósent en þá voru 226 einstaklingar á biðlista eftir varanlegri búsetu í hjúkrunarrými. Í upphafi þessa árs var talan komin upp í 362.

Meðalbiðtími hefur einnig lengst samhliða lengri biðlistum. Árið 2014 var meðalbiðtíminn eftir úthlutun 74 dagar. Þeir einstaklingar sem fengu rými úthlutað á fyrsta ársfjórðungi 2018 biðu hins vegar að meðaltali í 126 daga. Helmingur þeirra fékk hjúkrunarrými innan níutíu daga.

„Þetta kemur ekki á óvart, enda hefur hjúkrunarrýmum ekki fjölgað um langt skeið og á sama tíma lifir fólk lengur og árgangar eldra fólks eru stækkandi,“ segir Pálmi V. Jónsson, yfirlæknir öldrunarlækninga á Landspítala.

„Það hefur verið ótrúleg tregða í útfærslu á hugmyndum að úrbótum. Allt sem fer úrskeiðis í þeim einföldu útfærslum sem við erum með í dag stuðlar að því að fólk endi á hæsta þjónustustigi, það er í hjúkrunarrými.“

Pálmi segir mikla þörf fyrir fleiri hjúkrunarrými nú, en það eitt leysi ekki viðfangsefnið vel til lengri tíma. Stórbæta þurfi heimaþjónustu eldra fólks, með aðkomu heimilislækna og öldrunarlækna og greiningu, meðferð og endurhæfingu er byggi á heildrænu öldrunarmati. Þá finnist enn fyrir áhrifum lokunar líknardeildar fyrir eldra fólk, sem lengdi biðlistann sem því nam og jók dánartíðni þeirra sem bíða.

> **60%**
> **nemur fjölgunin á biðlista eftir hjúkrunarrými milli áranna 2014 og 2016.**

Auk þess hafi áætlanir um öldrunargeðlækningar horfið með hruninu. Með breyttu verklagi í þessum og fleiri atriðum sé líklegra að fólk fái rétt úrræði á réttum tíma og stað, sem bæti lífsgæði og sé til þess fallið að fækka þeim sem hafna á hæsta og dýrasta þjónustustigi.

„Tíminn til að gera breytingar af alvöru er núna. Ef við beitum ekki nýsköpun byggðri á þekkingu í þjónustu við eldra fólk nú þurfum við einfaldlega að mæta fólksfjölguninni með hlutfallslega auknum fjölda hjúkrunarrýma, og það er ekki gott mál til lengra tíma litið, ekki það sem fólk vill og mjög kostnaðarsamt,“ segir Pálmi. **– jóe, khn**

## Styttist í stóru stundina

**KÓNGAFÓLK** Það verður mikið um dýrðir í Lundúnum á morgun þegar Harry Bretaprins gengur að eiga bandarísku leikkonuna Meghan Markle við hátíðlega athöfn.

Gríðarleg eftirvænting er fyrir brúðkaupinu og munu þúsundir safnast saman við Buckingham-höll á morgun til að berja nýju brúðhjónin augum en milljónir munu fylgjast með brúðkaupinu um allan heim.

Fréttablaðið gerir upp nokkuð dramatískan, og oft undarlegan, aðdraganda brúðkaupsins. Fréttablaðið rifjar um leið upp fyrri hjónavígslur í bresku konungsfjölskyldunni en á seinni árum hafa hjónabönd kóngafólksins oft haft mótandi áhrif á breskt samfélag og sett sitt mark á samtímann. **– khn** / **sjá síður 44 og 46**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þórlindur Kjartansson skrifar um tilhæfulausan ótta við Íran. **15**

**SPORT** Sandra María Jessen er komin heim frá Tékklandi og raðar inn mörkum í Pepsi-deildinni. **18**

**MENNING** Fjölmenningarstarf Borgarbókasafnsins fagnar tíu ára starfsafmæli. **40**

**LÍFIÐ** Sápuóperan í kringum brúðkaup Harrys og Meghan nær nýjum hæðum. **34**

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **SAFNADAGURINN**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Suðvestan 8-13 m/s í dag. Það léttir til á austanverðu landinu, en vestan til er spáð skúrum eða slydduéljum. Svalt í veðri, á Austfjörðum gæti hiti þó skriðið yfir 10 stig í sólinni. SJÁ SÍÐU 20



**Leitað var við erfiðar aðstæður á Vatnajökli.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fjölmenni við leit á Vatnajökli

**FERÐAÞJÓNUSTA** Björgunarsveitir á Suður- og Austurlandi voru kallaðar um klukkan sjö í gærkvöld eftir að neyðarboð barst frá tveimur ferðamönnum á Vatnajökli. Ferðamennirnir höfðu skilið eftir ferðaáætlun hjá Safetravel en eftir að neyðarboð barst frá Grímsvötnum náðist ekki samband við þá.

Voru því ellefu björgunarsveitir kallaðar út og leitað var að ferðamönnunum á vélsleðum og snjóbílum. Þegar Fréttablaðið náði tali af Davíð Má Bjarnasyni, upplýsingafulltrúa Landsbjargar, á tíunda tímanum í gærkvöld var leitarfólk komið af stað á sleðum uppi á jöklinum og á leið í Grímsvötn. Veðrið var hins vegar slæmt, snjókoma og þó nokkur vindur, og því voru aðstæður hamlandi.

Samkvæmt Davíð unnu um fimmtíu manns að aðgerð gærkvöldsins. Þar að auki hafði hópum á svæðinu í kringum jökulinn verið gert viðvart og þeir því í viðbragðsstöðu. Ekki hafði verið tekin ákvörðun um hversu lengi leit skyldi halda áfram þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Davíð sagði að auki að sömu grunnreglur ættu alltaf við þegar haldið væri í ferðalag, vildi maður ekki lenda í ógöngum. Maður ætti að útbúa sig vel, tryggja að aðrir viti af sér og kynna sér aðstæður. Nefndi hann sérstaklega að gott væri að skilja eftir ferðaáætlun og hafa neyðarsendi, líkt og ferðamennirnir týndu.

Ferðamennirnir höfðu ekki fundist þegar Fréttablaðið fór í prentun. **– þea**

# Páll fékk hvatningarverðlaun




**Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og formaður Vísinda- og tækniráðs, afhenti í gær Páli Melsted, prófessor við iðnaðarverkfræði- og tölvunarfræðideild Háskóla Íslands, hvatningarverðlaun ráðsins. Voru verðlaunin afhent við hátíðlega athöfn á Rannsóknaþingi Rannís.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Laun Ármanns fram úr hófi

**KJARAMÁL** „Það liggur í augum uppi að kjör bæjarstjóra Kópavogs hafa keyrt fram úr öllu hófi og að á nýju kjörtímabili verði þessi laun tekin til endurskoðunar með lækkun,“ segir Birkir Jón Jónsson, bæjarfulltrúi Framsóknar í Kópavogi, í tilkynningu vegna fréttar Fréttablaðsins í gær af launahækkunum kjörinna fulltrúa í bænum.

Eins og blaðið greindi frá í gær hækkuðu laun bæjarstjórans, Ármanns Kr. Ólafssonar, um 32,7 prósent milli áranna 2016 og 2017, eða sem nemur ríflega 612 þúsund krónum á mánuði.

Bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkti í febrúar í fyrra að hafna 44 prósenta hækkun kjararáðs og tengja laun kjörinna fulltrúa við þingfararkaup.

Sú ákvörðun færði bæjarfulltrúum þrátt fyrir það 30 prósentum hærri laun milli ára. **– smj**

# Hvassviðri og væta um hvítasunnuhelgina

**Leiðindaveðri er spáð um land allt. Spár gera ráð fyrir skúrum og slydduéljum víðast hvar og að gangi í suðaustan hvassviðri eða jafnvel storm, sem telst óvenjulegt á þessum árstíma. Þó verður líklega skásta veðrið á norðausturhorninu.**

**VEÐUR** Veðrið hefur leikið landann heldur grátt undanfarið og margir farnir að þrá D-vítamín í kroppinn. Það mun hins vegar ekki gerast um þessa helgi.

„Það verður þokkalegt veður fram að helgi en það verður svalt. Laugardagurinn lítur verst út þar sem spáð er stormi fram eftir degi með mikilli rigningu. Veðrið á þó eftir að skána eitthvað seinnipartinn en hvítasunnudagurinn lítur ekkert sérstaklega vel út heldur,“ segir Haraldur Eiríksson, veðurfræðingur á Veðurstofu. „Það væri gáfulegt að binda niður trampólín, sérstaklega á laugardaginn. Þeir sem eru á ferðinni ættu einnig að fylgjast með spá, því það verður líklega lítið ferðaveður. Þetta gengur þó mögulega niður á mánudag.“

Maímánuður hefur verið heldur leiðinlegur og afar óvelkomin snjókoma í byrjun mánaðarins kom eflaust mörgum á óvart. Trausti Jónsson, sérfræðingur á sviði veðurfarsrannsókna hjá Veðurstofu, segir snjókomu í maí ekki sérlega sjaldgæfa, líklega gerist það annað hvert ár.

„Það er í rauninni ekki óalgengt að það festi snjó í maí á Suðvesturlandi. En það er þó sjaldgæft að það gerist eftir þann fimmtánda. Það eru líka tilfelli um að það hafi fest snjó í júní, en aldrei í júlí og ágúst. Maí hefur verið óvenjulegur að því leyti til að það er úrkomusamt. Fyrsta vikan í maí var leiðinleg í þessum landshluta, suðvesturhlutanum. Önnur vikan var þó eðlileg, myndi ég segja. Hitinn var þá ofan meðallags og það er alls ekki hægt að segja að það hafi verið kalt,



**Fólki er ráðlagt að binda trampólín og annað laust niður. Það þarf lítið til að þau takist á loft í suðaustan hvassviðrinu sem spáð er.** FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

> Laugardagurinn lítur verst út þar sem spáð er stormi fram eftir degi með mikilli rigningu.
>
> Haraldur Eiríksson veðurfræðingur

nema einhverja örfáa daga. Lægðirnar hafa aftur á móti verið dýpri en oftast áður,“ segir Trausti.

Norðurlöndin eru þó heppnari með veður en þar hefur verið óvenju hlýtt undanfarið. Trausti segir sunnanáttina færa þeim hitann en Ísland sé einfaldlega nær norðanáttinni sem kemur frá Kanada. „Þar hefur verið raunverulega kalt sem er óvenjulegt á þessum tíma,“ segir Trausti. „En það er alltaf einhvers staðar hlýtt og einhvers staðar kalt, eins og til dæmis í Síberíu en við fáum ekki að vita af því. Það er stundum eins og það sé stemning fyrir því að kvarta yfir veðrinu. Veðrið þarf að vera sérstaklega gott til að fá fólk upp úr þessu tali,“ segir Trausti og hlær. „Maí var ofboðslega hlýr í fyrra og fyrripartur maí var metheitur. En við náum því miður ekki að standa undir því í ár.“

gunnthorunn@frettabladid.is

Frábært VERÐ Grillbúðin




Frá Þýskalandi LANDMANN Your World of BBQ

Verð áður 79.900
67.900

• Afl 10,5 KW
• 3 brennarar
• Brennarar úr ryðfríu stáli
• Postulínsemalerað eldhólf
• Grillgrindur úr pottjárni
• PTS hitajöfnunarkerfi
• Kveikja í öllum tökkum
• Tvöfalt einangrað lok
• Stór posulínshúðuð efri grind
• Hitamælir
• Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
• Grillflötur 65 x 44 cm

Vönduð yfirbreiðsla fylgir

Opið virka daga 11-18
Laugardaga 11-16

Smiðjuvegi 2, Kópavogi - www.grillbudin.is - Sími 554 0400




HYBRID **Orkuskiptin eru hafin!** Gríptu tækifærið og kauptu Hybrid á góðum kjörum.

**Fágaður Auris á frábæru verði**

Að fara af stað út í hvern dag á nettum og nýstárlegum Yaris er ómetanlegt. Þannig byrja allar ferðir vel, jafnt styttri sem lengri. Þessi pottþétta týpa er hlaðin orku og endurbættu Hybrid kerfi sem gerir þér fært að fljúga gegnum daginn. Komdu og reynsluaktu Yaris orkubolta hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með Yaris**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**Vildarpunktar Icelandair með öllum nýjum Toyotum**

5 3+2 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Hagar tekjufærðu hluta endurgreiðslunnar frá íslenska ríkinu

**VIÐSKIPTI** Hluti af þeim 157 milljónum króna, auk dráttarvaxta, sem ríkið var í nóvember í fyrra dæmt til þess að endurgreiða Högum vegna ólögmætrar gjaldtöku þess af innfluttum landbúnaðarvörum var tekjufærður á síðasta rekstrarfjórðungi smásölurisans sem lauk í febrúar.

Finnur Árnason, forstjóri Haga, staðfestir við Fréttablaðið að hluti fjárhæðarinnar hafi verið tekjufærður vegna meðal annars kostnaðar við málið. Hluti hafi síðan verið nýttur til þess að lækka verð til viðskiptavina á þeim vörum sem félagið hafði greitt toll af. Upphæðin sem um ræði hafi hins vegar haft óveruleg áhrif á uppgjör félagsins fyrir síðasta rekstrarfjórðung.

Félagið hafði heitið því að skila þeim fjármunum sem það fær endurgreidda vegna ólögmætrar gjaldtöku ríkisins til viðskiptavina í gegnum lægra vöruverð. Sem dæmi skiluðu Bónus og Hagkaup um 175 milljónum króna af ólögmætum gjöldum ríkisins til viðskiptavina í formi niðurgreiðslu á innfluttum kjúklingi og nautalundum á rekstrarárinu 2016 til 2017 eftir að Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að útboðsgjald ríkisins færi í bága við lög.



Finnur Árnason, forstjóri Haga.

Ekki hafa fengist upplýsingar um hve há fjárhæð af þeim 157 milljónum, auk vaxta, sem héraðsdómur dæmdi í nóvember ríkið til þess að endurgreiða Högum, hafi verið notuð til þess að lækka vöruverð.

Niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur var sú að útboðsgjaldið sem ríkið innheimtir fyrir heimildir til þess að flytja inn búvörur á engum eða lægri tollum væri ólögmætt. Var ríkinu gert að endurgreiða þremur innflutningsfyrirtækjum, Sælkeradreifingunni, Innnesi og Högum, samtals um 355 milljónir króna í oftekin gjöld. Dómnum var ekki áfrýjað.

**157**
**milljónir þurfti ríkið að endurgreiða Högum vegna ólögmætrar gjaldtöku af innfluttum landbúnaðarvörum.**

Framlegð Haga nam 4.925 milljónum króna á síðasta rekstrarfjórðungi, frá desember 2017 til febrúar 2018, og var framlegðarhlutfallið 24,9 prósent borið saman við 24,6 prósent á sama tíma á fyrra rekstrarári. Var framlegðarhlutfallið umtalsvert hærra en greinendur höfðu spáð. – **kij**





**Áætlað er að útboðið fari fram á fyrri hluta ársins.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Aðstoða Arion í hlutafjárútboði

**VIÐSKIPTI** Fossar markaðir, Íslandsbanki og Landsbankinn verða í hópi aðstoðarsöluráðgjafa í fyrirhuguðu hlutafjárútboði Arion banka sem áætlað er að fari fram í næsta mánuði. Bankinn tilkynnti í gær að efnt yrði til útboðs á hlutabréfunum og þau síðan skráð í Nasdaq-kauphöllina hér á landi og í Stokkhólmi.

Fjárfestingarbankasvið Arion banka og stórbankarnir Carnegie, Citigroup og Morgan Stanley verða leiðandi umsjónaraðilar með útboðinu. – **kij**

## Sviptur hrossum

**DÝRAVELFERÐ** Matvælastofnun hefur tekið ellefu hross úr vörslu umráðamanns á bæ á Suðurlandi eftir að hann sinnti ekki ítrekuðum kröfum stofnunarinnar um bætta fóðrun.

Stofnunin hefur á undanförnum mánuðum gert ítrekaðar kröfur um bættan aðbúnað hrossa á bænum, flokkun hrossa eftir holdafari og sérstaka fóðurgjöf til þeirra sem mest þurfa á því að halda. Allt án árangurs.

Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun var talin hætta á varanlegum skaða ef fóðrun hrossa og aðstæður yrðu ekki bættar. Voru hrossin því tekin af viðkomandi og verða fóðruð á hans kostnað. – **smj**

# Útlit fyrir sterkari stöðu Pírata

**Píratar eru líklegir til þess að styrkja stöðu sína verulega á sveitarstjórnarstiginu í kosningunum þann 26. maí. Mælast með fulltrúa í fjórum af þeim sjö sveitarfélögum þar sem Fréttablaðið hefur kannað fylgið.**

**STJÓRNMÁL** Ef fer sem horfir virðast Miðflokkurinn, Píratar og Viðreisn eiga eftir að styrkja stöðu sína sem stjórnmálahreyfingar í næstu sveitarstjórnarkosningum. Þetta sýna kannanir sem Fréttablaðið hefur gert undanfarið.

Í sveitarstjórnarkosningunum 2014 buðu Píratar fram lista í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði og Reykjanesbæ. Niðurstaðan varð að stjórnmálahreyfingin fékk einn mann kjörinn í sveitarstjórn á öllu landinu. Það var Halldór Auðar Svansson, sem var kjörinn í Reykjavík og tekur þátt í fjögurra flokka meirihlutasamstarfi.

Fréttablaðið hefur gert skoðanakannanir í sjö sveitarfélögum að undanförnu. Þær hafa sýnt að Píratar kunna að fá allt að tvo fulltrúa kjörna í Reykjavík, en þar er reyndar verið að fjölga fulltrúum úr 15 í 23. Svo gæti flokkurinn fengið einn kjörinn fulltrúa í Kópavogi, einn í Hafnarfirði og einn á Akureyri. Þá sýndi könnun Fréttablaðsins í Árborg að Áfram Árborg, sameiginlegt framboð Pírata, Viðreisnar og óháðra, fengi einn mann.

Miðflokkurinn og Viðreisn eru hvort tveggja ný stjórnmálaöfl og buðu ekki fram í sveitarstjórnarkosningunum fyrir fjórum árum. Nýjasta könnun Fréttablaðsins, frá 7. maí, sýnir að líkt og Píratar geti Miðflokkurinn og Viðreisn fengið tvo fulltrúa í Reykjavík, hvor flokkur. Miðflokkurinn fengi að auki fulltrúa kjörna í Hafnarfirði og á Akureyri.

Viðreisn gæti náð inn fulltrúa í bæjarstjórn Kópavogs í sameiginlegu framboði með Bjartri framtíð og manni í bæjarstjórn Árborgar í sameiginlegu framboði með Pírötum. Þá sýnir könnun Fréttablaðsins að L-listinn á Akureyri, sem Viðreisn er hluti af, myndi fá tvo fulltrúa.





**Utankjörfundar atkvæðagreiðsla vegna komandi sveitarstjórnarkosninga þann 26. maí næstkomandi hófst í Smáralind á föstudag í síðustu viku. Þar verður hægt að greiða atkvæði allt fram á kjördag.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Grétar Þór Eyþórsson, prófessor í stjórnmálafræði.**

Á fundi Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmálafræðinga í gær ræddi Grétar Þór Eyvindsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri, um niðurstöður skoðanakannana fyrir komandi kosningar.

Grétar sagði að þegar horft væri til Reykjavíkur væri staðan sú að meirihlutinn virtist ætla að halda og Sjálfstæðisflokkurinn ekki að ná fram þeim breytingum sem hann hafði vonast til. „Ef eitthvað gæti ógnað stöðu meirihlutans þá væri það hversu margir af minni flokkunum næðu manni inn,“ segir Grétar.

jonhakon@frettabladid.is

### Samfylkingin stærst

Samfylkingin mælist stærsti stjórnmálaflokkurinn í Reykjavíkurborg í könnun sem Gallup gerði fyrir Viðskiptablaðið dagana 2. til 14. maí. Fylgi flokksins mælist rúmt 31 prósent sem gæfi honum 9 borgarfulltrúa. Sjálfstæðisflokkurinn er með tæp 25 prósent sem myndi skila 7 borgarfulltrúum og Píratar eru enn sterkari en í könnun Fréttablaðsins, með 11,5 prósenta fylgi og myndu fá 3 fulltrúa. VG mælist svo með 6,7 prósent, Viðreisn með 6,6 prósent, Miðflokkurinn með 4,2 prósent og Sósíalistar með 3,8 prósent. Þessir fjórir síðast töldu flokkar myndu fá einn mann kjörinn hver.





# Byko hyggst áfrýja til Landsréttar

**DÓMSMÁL** Niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Samkeppniseftirlitsins gegn Byko veldur fyrirtækinu vonbrigðum og ætlar það að áfrýja dómnum til Landsréttar. Þetta segir í tilkynningu sem Byko sendi frá sér í gær.

Héraðsdómur staðfesti á miðvikudag að Byko hefði framið alvarleg brot á samkeppnislögum og hækkaði álagða sekt á fyrirtækið í 400 milljónir króna úr þeim 65 milljónum króna sem áfrýjunarnefnd samkeppnismála hafði talið hæfilega.

Í maí 2015 komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að Byko hefði brotið gegn samkeppnislögum og EES-samningnum með umfangsmiklu ólögmætu samráði við gömlu Húsasmiðjuna. Eftirlitið taldi brotið alvarlegt og lagði 650 milljóna sekt á Norvik, móðurfélag Byko.

Norvik og Byko kærðu svo ákvörðunina til áfrýjunarnefndar. Nefndin komst að því að Byko hefði tekið þátt í ólögmætu verðsamráði en að ákvæði EES-samningsins hefðu ekki verið brotin. Var sektin lækkuð í 65 milljónir. Þá höfðaði Samkeppniseftirlitið mál fyrir héraðsdómi sem hækkaði sektina aftur á miðvikudag eins og áður segir.





**Ein verslana Byko.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Í tilkynningu Byko frá í gær segir að dómur héraðsdóms byggi að stórum hluta á dómi Hæstaréttar frá 2016 „í málaferlum gegn starfsfólki sem hlut átti að þessu sama máli“. Sá dómur hafi verið óréttlátur og vankantar hafi verið á málsmeðferð.

„Í gær barst okkur tilkynning um að Mannréttindadómstóll Evrópu hefði fallist á að taka ákveðna þætti í dómi Hæstaréttar til efnislegrar meðferðar,“ segir enn fremur í tilkynningunni frá Byko. – **þea**




Suzuki Ignis er nýr valkostur fyrir þá sem vilja sparneytinn smábíl með öryggi og notagildi jepplings. Ignis hefur fengið frábæra dóma fyrir aksturseiginleika og einstaklega skemmtilega hönnun, jafnt utan sem innan.

Suzuki Ignis er með sparneytnum 90 hestafla dual Jet mótor en er einnig fáanlegur með Hybrid-búnaði sem gerir hann enn kraftmeiri og neyslugrennri.

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

SUZUKI

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Gríðarlangur listi aðfinnslna í skýrslu Ríkisendurskoðunar um United Silicon

**Úttekt Vinnueftirlits ríkisins, skortur á athugun á bakgrunni rekstraraðila og kröfuleysi við framkvæmd umhverfismats er meðal þess sem Ríkisendurskoðun setur út á í skýrslu sinni um United Silicon. Starfsemi fyrirtækisins var stöðvuð síðasta haust eftir ítrekaðar uppákomur í rekstri verksmiðjunnar og kvartana vegna mengunar frá henni. Víða var pottur brotinn við undirbúning rekstursins.**

**STJÓRNSÝSLA** Fjölmargar athugasemdir eru gerðar við aðkomu og eftirlit stjórnvalda í tengslum við útgáfu leyfa og eftirlit með rekstri kísilvers United Silicon í skýrslu Ríkisendurskoðunar um efnið. Meðal þess sem kemur fram í skýrslunni er að úttekt Vinnueftirlits ríkisins á verksmiðjunni fór fram tæpum mánuði eftir að starfsemi hófst. Þá var ekki kannað hvort aðstandendur verksmiðjunnar hefðu fjárhagslega burði til að standa að henni.

Tíu ára sorgarsaga United Silicon og fyrirrennara félagsins er flestum kunn. Kísilver þess var gangsett 13. nóvember 2016 en starfsemi þess stöðvuð rúmum tíu mánuðum síðar eftir ítrekaðar aðfinnslur og athugasemdir við aðstæður innan verksmiðjunnar og vegna lyktmengunar frá henni.

Mánuði áður en verksmiðjan var ræst sendi Magnús Garðarsson, forstjóri United Silicon, bréf um að til stæði að hefja framleiðslu í lok október. Það dróst sem fyrr segir um hálfan mánuð. Fyrsta skoðun Vinnueftirlits ríkisins fór hins vegar fram 21. nóvember það ár. Þá fór úttekt á starfseminni með tilliti til starfsleyfisskilyrða ekki fram fyrr en 7. desember þrátt fyrir að óheimilt sé lögum samkvæmt að rekstur hefjist fyrr en eftirlitsmaður stofnunarinnar hafi gefið vottorð um að útbúnaður sé í lagi. Slíkt vottorð var gefið út þrátt fyrir að skilyrði þess hafi ekki verið uppfyllt.

Í skýrslunni er einnig vikið að mengunarspá í umhverfismatsferlinu. Áður hefur komið fram að danska verkfræðistofan COWI fór fram á að nafn og merki fyrirtækisins yrðu fjarlægð af loftdreifilíkani í matsskýrslu sem fyrirtækið skilaði til Skipulagsstofnunar. Degi eftir að tilkynning COWI barst skilaði United Silicon skýrslu sem Force Technology hafði unnið að beiðni þess.

„Í lögum og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum er ekki að finna nein skilyrði um þá sem geta unnið að mati á umhverfisáhrifum, svo sem um menntun, vottun eða gæðakerfi. Að mati Skipulagsstofnunar gat það því ekki ráðið úrslitum hver vann spána. [...] Ríkisendurskoðun telur aftur á móti óheppilegt að óvissa geti ríkt um uppruna útreikninga og líkana sem miklu máli skipta í mati á umhverfisáhrifum og að framkvæmdaraðilar geti lagt fram gögn í nafni fyrirtækja sem hafa ekki unnið þau þó að efnislega kunni niðurstöður þeirra að vera réttar,“ segir meðal annars í skýrslunni. Stofnunin leggur til að umhverfis- og auðlindaráðuneytið skerpi á kröfum sem gerðar eru til þeirra sem vinna umhverfismöt.

Í skýrslunni er einnig vikið að því að í undirbúningsferlinu hafi ekki verið unnt að upplýsa um stjórn né stjórnendur fyrirtækisins sem ætlaði að standa fyrir rekstrinum en upplýsingar um eignarhald og stjórnendur verkefnisins voru afar misvísandi alla tíð. Í þágildandi lögum um ívilnunarsamninga var gerð krafa um óflekkað mannorð og orðspor framkvæmdastjóra aðila. Ekki fór fram nein könnun af hálfu stjórnvalda þess efnis heldur voru yfirlýsingar aðila teknar góðar og gildar. Könnun á slíku hefði hins vegar leitt í ljós að árið 2009 var fyrirtæki í eigu Magnúsar Garðarssonar sektað vegna brota á réttindum verkamanna og að honum hefði verið gert að segja upp hjá áðurnefndu COWI fyrir að hafa misnotað aðstöðu sína sem starfsmaður þar. **joli@frettabladid.is**



**Frá fyrstu skóflustungu verksmiðjunnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

## Arðsemismat byggðist eingöngu á forsendum United Silicon

Í tíð eldri laga um ívilnanir til nýfjárfestinga var það skilyrði samkvæmt lögunum að Íslandsstofa framkvæmdi arðsemismat á starfseminni. Í skýrslunni er vikið að aðkomu Íslandsstofu að verkefninu en hún taldi að „verkefnið myndi skila umtalsverðum ábata fyrir íslenskt samfélag“.

Í skýrslunni er sett út á það að arðsemismatið hafi alfarið byggt á framlögðum gögnum og upplýsingum frá aðstandendum verkefnisins. Engin áreiðanleikakönnun var framkvæmd og tók Íslandsstofa það fram í niðurstöðum sínum að þær hvíldu á þeirri forsendu að áætlanir og fullyrðingar umsækjenda stæðust.

„Einnig má benda á ýmsa hnökra á arðsemismatinu, til dæmis er í greinargerð Íslandsstofu vísað til fyrirhugaðrar starfsemi sem smáþörungaframleiðslu,“ segir í skýrslunni. United Silicon stefndi vissulega ekki að stofnun smáþörungaframleiðslu heldur því að koma kísilveri á fót. Ríkisendurskoðun leiðir að því líkur að þar hafi slæðst inn texti úr arðsemismati fyrir verksmiðju Algalíf Iceland ehf.

Íslandsstofa baðst síðar undan því að framkvæma slík möt, og var fallist á það, þar sem það samræmdist ekki hlutverki hennar en það er að kynna landið fyrir erlendum fjárfestum.

**»» Ekki fór fram könnun af hálfu stjórnvalda á eignarhaldi, fjárhagslegu bolmagni eða sögu rekstraraðila United Silicon heldur voru yfirlýsingar þeirra teknar góðar og gildar.**



**Magnús Garðarsson.**

### Stiklað á stóru í sögu United Silicon

**2007-2012** Tomahawk Development, fyrirrennari United Silicon, hefur undirbúning að opnun kísilvers í Helguvík.

**13. september 2012** Stakksbraut 9, síðar United Silicon, sendir tillögu að umhverfismatsáætlun til Skipulagsstofnunar.

**26. júní 2013** Stakksbraut 9 sækir um starfsleyfi til Umhverfisstofnunar.

**3. október 2013** United Silicon sækir um ívilnun til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

**27. ágúst 2014** Fyrsta skóflustunga kísilversins.

**14. desember 2014** Reykjanesbær gefur út byggingaleyfi til United Silicon.

**20. apríl 2016** Vinnueftirlit ríkisins veitir United Silicon starfsleyfi.

**13. nóvember 2016** Starfsemi hefst.

**7. desember 2016** Lokaúttekt Vinnueftirlits ríkisins fer fram.

**25. apríl 2017** Umhverfisstofnun stöðvar framleiðslu vegna mengunar.

**19. maí 2017** Umhverfisstofnun heimilar gangsetningu á nýjan leik.

**14. ágúst 2017** United Silicon fær heimild til greiðslustöðvunar.

**1. september 2017** Starfsemi kísilversins stöðvuð.

# Greiða allt að tífalt hærra verð fyrir gagnasamband

**VIÐSKIPTI** Íslensk fjarskiptafyrirtæki þurfa að greiða Farice, sem rekur sæstrengi á milli Íslands og Evrópu, fimm- til tífalt hærra verð fyrir gagnasambönd heldur en erlendir viðskiptavinir gagnavera hér á landi.

„Við erum í raun í engri samningsstöðu. Þetta er einokun og í okkar huga óásættanleg staða,“ sagði Þorvarður Sveinsson, framkvæmdastjóri fyrirtækja- og þróunarsviðs Sýnar, á fjárfestafundi félagsins í gær.

Hann sagði félaginu „renna blóðið til skyldunnar“ til þess að taka málin í eigin hendur og kanna fýsileika þess að leggja nýjan sæstreng frá Íslandi til Evrópu.

Eðlilegt væri að spyrja hvort mögulegt væri fyrir Sýn að byggja og reka eigin ljósleiðarastreng fyrir þann kostnað sem greiddur er til Farice. Sá kostnaður væri enda verulegur en Þorvarður benti á að innlend fjarskiptafélög stæðu undir um 50 til 55 prósentum af tekjum Farice.



**Stefán Sigurðsson.**

Stefán Sigurðsson, forstjóri Sýnar, tók þó fram að sæstrengsverkefnið væri enn á þróunarstigi og ekki væri því ljóst hvort af því yrði.

Til þess að félagið gæti unnið málið áfram og réttlætt fjárfestinguna myndu íslensk stjórnvöld þurfa að koma að málum. **– kij**

# Trump reynir að lægja öldurnar

**BANDARÍKIN** Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, fær ekki sömu meðferð og Muammar Gaddafi, fyrrverandi einræðisherra Líbýu. Þetta sagði Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, í gær. John Bolton, þjóðaröryggisráðgjafi Trumps, hafði áður lagt til að að Líbýuaðferðin svokallaða yrði farin í kjarnorkuafvopnun á Kóreuskaga.

Gaddafi samþykkti árið 2003 að hætta vinnu að kjarnorkuáætlun ríkisins en uppreisnarmenn, studdir af Vesturlöndum, drápu hann svo árið 2011. Er því ekki að undra að tillagan hafi farið öfugt ofan í Norður-Kóreumenn. Hótuðu þeir því meðal annars að hætta við fyrirhugaðan leiðtogafund Kim og Trumps sem fram á að fara þann 12. júní í Singapúr.

Kim Kye-gwan, aðstoðarutanríkisráðherra Norður-Kóreu, var harðorður í garð Boltons á miðvikudag. „Við felum ekki þá staðreynd að okkur býður við honum,“ sagði Kim.



**Donald Trump, forseti Bandaríkjanna.** NORDICPHOTOS/GETTY

„Líbýuaðferðin er ekki eitthvað sem við höfum verið að horfa til þegar kemur að Norður-Kóreu,“ sagði Trump og bætti því við að fyrirhugað samkomulag við einræðisríkið myndi fela í sér áframhaldandi valdatíð Kim og stóraukin efnahagstækifæri Norður-Kóreu.

Þá hafa heræfingar Bandaríkjamanna og Suður-Kóreumanna einnig vakið reiði Kim Jong-un. Viðræðum, sem fram áttu að fara í gær, var frestað og sagði Norður-Kóreustjórn að ekki stæði til að hefja þær að nýju fyrr en vandamálið væri leyst. **– þea**


FJÓRFALDIR
VILDARPUNKTAR
ICELANDAIR
FYRIR VILDARPUNKTASAFNARA HJÁ OLÍS OG ÓB
ALLA HVÍTASUNNUHELGINA, 18.–21. MAÍ
LYKIL
KORT
olís
ÓB
ICELANDAIR
Vinur við veginn
olís

# Stórar ákvarðanir bíða hreppsnefndar

**Varaoddvitinn í Árneshreppi þar sem hart er deilt um fyrirhugaða Hvalárvirkjun segir þá sem skráð hafa lögheimili sitt í hreppinn að undanförnu hljóta að hafa gert það til að taka þátt í sveitarstjórnarkosningunum. Hann viti þó ekki hvað þetta fólk ætli sér að kjósa.**

**ÁRNESHREPPUR** „Þetta hefur aldrei verið gert áður,“ segir Ingólfur Benediktsson, varaoddviti Árneshrepps, þar sem hreppsnefndin samþykkti á miðvikudag framlagða kjörskrá með sérstökum fyrirvara.

Ingólfur segir fyrirvarann hafa verið settan að kröfu starfsmanns Þjóðskrár sem undanfarið hefur kannað lögheimilisskráningar í Árneshreppi. Í fyrrahaust áttu 46 lögheimili í hreppnum en að sögn Ingólfs eru samkvæmt nýju kjörskránni nú 63 – eða sem svarar til fjölda alþingismanna.

„Ég get ekki svarað þessu þó að ég sé formaður kjörstjórnar. Þetta hefur aldrei í sögunni verið gert fyrr enda er alltaf sú heimild að breyta kjörskránni fram að kjördegi,“ segir Ingólfur spurður um hvaða þýðingu fyrirvarinn við kjörskrána hafi. Hann telji að heimildin til að breyta kjörskrá sé hugsuð til að að koma fólki inn á skrána en ekki út af henni eins og nú virtist vera upp á teningnum.

Varaoddvitinn neitar því ekki að mikil fjölgun í lögheimilisskráningum í hreppnum á undanförnum vikum skýrist af hörðum deilum um fyrirhugaða Hvalárvirkjun. Eins og annars staðar verður kosið til nýrrar sveitarstjórnar í Árneshreppi laugardaginn 26. maí.

„Það getur vel verið að þetta fólk sem er að flytja í hreppinn sé að koma hingað til að kjósa og það held ég að hljóti náttúrlega að vera – en ég veit ekki hvað það ætlar að kjósa,“ segir Ingólfur sem sjálfur er einn tveggja núverandi hreppsnefndarmanna sem lýst hafa andstöðu við Hvalárvirkjun og greiddi atkvæði á móti þegar meirihlutinn samþykkti í lok janúar að aðal- og deiliskipulagi væri breytt svo unnt væri að hefja undirbúning að virkjuninni.

Fram hefur komið að aðeins um þrjátíu manns af þeim 46 sem lögheimili áttu í Árneshreppi í fyrrahaust bjuggu þar í vetur. Aðspurður segir Ingólfur aldrei hafa verið gerðar athugasemdir við lögheimilisskráningar þess hóps sem ekki býr í hreppnum að vetrarlagi. „Ég hef verið í kjörstjórn lengi og séð í kjörskránni fullt af nöfnum af hinum ýmsum bæjum sem maður veit ekki nákvæmlega hver eru en hafa skráð lögheimili sitt hér.“

Kjörskráin liggur nú frammi í Kaupfélagshúsinu á Norðurfirði og getur almenningur skoðað hana þar og eftir atvikum gert athugasemdir til Þjóðskrár.

Um hlutverk hreppsnefndar varðandi framhald Hvalárvirkjunarmálsins segir Ingólfur mikilvægar ákvarðanir enn fram undan.

„Það á nánast eftir að samþykkja alla virkjunina, það ferli er allt eftir. Það er aðeins búið að fara í gegn um fyrstu umferð varðandi breytingu á skipulaginu fyrir vegagerð upp að virkjunarsvæðinu. Og það er ekki búið að klára það ferli einu sinni,“ útskýrir varaoddvitinn.

gar@frettabladid.is



**Við höfnina í Norðurfirði í Árneshreppi á Ströndum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Ég hef verið í kjörstjórn lengi og séð í kjörskránni fullt af nöfnum af hinum ýmsum bæjum sem maður veit ekki nákvæmlega hver eru en hafa skráð lögheimili sitt hér.**
>
> Ingólfur Benediktsson, varaoddviti Árneshrepps

## Hvalárvirkjun

Vesturverk, sem HS Orka er aðaleigandi að, hyggst byggja Hvalárvirkjun. Áætlað er að virkjunin verði 55 megavött og skili 320 gígavattstundum rafmagns á ári. Framkvæmdin felur meðal annars í sér fjórar 19 til 33 metra háar stíflur með tilheyrandi lónum á vatnasvæðinu ofan Ófeigsfjarðar. Frárennslisgöng virkjunarinnar opnast skammt ofan ósa Hvalár.

Þrír af fimm sveitarstjórnarmönnum í Árneshreppi samþykktu í lok janúar á þessu ári breytingar á aðal- og deiliskipulagi svo unnt sé að hefja undirbúning að Hvalárvirkjun. Rafmagn úr virkjuninni verður flutt með háspennulínum um Ófeigsfjarðarheiði yfir í Ísafjarðardjúp. Virkjunin er sögð auka orkuöryggi á Vestfjörðum. Málið er nú til skoðunar hjá Skipulagsstofnun sem þegar hefur sagt varðandi umhverfisáhrifin að framkvæmdin minnki óskert víðerni á Vestfjörðum um 14 prósent.













OPIÐ:
11-19 Á HVÍTASUNNUDAG
10-21 Á ANNAN Í HVÍTASUNNU

GARÐHEIMAR
Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Hefur ákært 22 á fyrsta ári rannsóknar

**Sérstakur saksóknari hefur rannsakað meint samráð forsetaframboðs Donalds Trump við Rússa. Rannsóknin leitt af sér ákærur á hendur nítján einstaklingum og þremur fyrirtækjum. Stóru spurningunni enn ósvarað og þrátt fyrir þrýsting Trump-liða heldur rannsókn áfram.**

**BANDARÍKIN** Alls hafa 22 ákærur verið gefnar út og fimm hafa játað sekt sína í tengslum við rannsókn Roberts Mueller, sérstaks saksóknara dómsmálaráðuneytisins, sem varð eins árs í gær. Mueller var skipaður til þess að rannsaka meint afskipti rússneskra yfirvalda af bandarísku forsetakosningunum sem fram fóru 2016 og meint samráð framboðs Donalds Trump, nú forseta, við Rússa. Þá er honum heimilt að rannsaka hverja þá glæpi sem uppgötvast í millitíðinni.

Þrýstingur Trump-liða á Mueller um að ljúka rannsókn sinni eykst dag frá degi. „Til hamingju Bandaríkin. Við erum nú á öðru ári mestu nornaveiða Bandaríkjasögunnar. Enn hefur ekkert bent til samráðs og ekkert til þess að nokkur hafi hindrað framgang réttvísinnar. Eina samráðið var hjá Demókrötum sem gátu ekki tryggt sér kosningasigur þrátt fyrir að hafa eytt miklu meiri peningum,“ tísti Trump í gær.

Samkvæmt nýlegri könnun CNN eru 44 prósent samþykk rannsókn Muellers, 38 ósamþykk. Þrýstingurinn virðist þó hafa einhver áhrif þar sem stuðningur við rannsóknina hefur minnkað undanfarið.

Rudy Giuliani, einn lögmanna forsetans, fullyrti svo í gær að Mueller myndi ekki ákæra Trump, jafnvel þótt hann kæmist að því að Trump hefði gerst brotlegur við lög. Sagði hann að rannsakendateymi Muellers hefði tjáð lögfræðingateymi Trumps að Mueller myndi halda sig við þá túlkun dómsmálaráðuneytisins á stjórnarskránni að ekki væri hægt að ákæra sitjandi forseta. Mueller vildi ekki svara fyrirspurnum fjölmiðla um orð Giulianis.

En þótt ekki hafi enn verið ákært fyrir samráð hefur Mueller afhjúpað fjölda glæpa. Ákærði hann meðal annars Paul Manafort, áður kosningastjóra Trumps, fyrir að hafa unnið fyrir stjórnmálaafl, hliðhollt Rússum, í Úkraínu. Þeir meintu glæpir eru ótengdir framboði Trumps að því er best er vitað. Fyrrverandi starfsmenn framboðs forsetans hafa svo játað að meðal annars hafa logið um samskipti við rússneska embættismenn og rússneska starfsmenn þrýstihópa. Mike Flynn, þjóðaröryggisráðgjafi Trumps til skamms tíma, játaði til að mynda að hafa logið um samskipti sín við Sergei Kisljak, sendiherra Rússa.

Þá hefur Mueller jafnframt rannsakað hvort Trump sjálfur hafi hindrað framgang réttvísinnar með því að hafa rekið James Comey alríkislögreglustjóra úr starfi eftir að Comey neitaði að hætta að rannsaka mál Flynns.

Trump hefur ekki sest niður með Mueller og svarað spurningum hans. Giuliani hefur sagt að Trump muni mögulega gera það af fúsum og frjálsum vilja, mögulega ekki. Robert Ray, saksóknari í Whitewater-máli Clintons, sagði við Washington Post í gær að forsetinn ætti að skilja að hann þurfi að svara spurningum Muellers, vilji hann að rannsóknin taki enda.

thorgnyr@frettabladid.is



Robert Mueller hefur rannsakað Rússamálið undanfarið ár. NORDICPHOTOS/AFP

## Hin 22 ákærðu

**George Papadopoulos, utanríkismálaráðgjafi Trumps**
Ákærður 3. október 2017 fyrir að ljúga að rannsakendum. Játaði 5. október 2017.



Paul Manafort.

**Paul Manafort og Rick Gates, kosningastjóri Trumps og aðstoðarmaður hans**
Ákærðir 27. október 2017, meðal annars fyrir samsæri gegn Bandaríkjunum og vinnu fyrir Rússa í Úkraínu, og 22. febrúar 2018, meðal annars fyrir skattsvik. Báðir neita sök, ákærur frá 22. febrúar gegn Rick Gates felldar niður fimm dögum seinna.

**Michael Flynn, þjóðaröryggisráðgjafi Trumps**
Ákærður 30. nóvember 2017 fyrir að ljúga að rannsakendum. Játaði 1. desember 2017.

**Richard Pinedo, sölumaður bankareikninga**
Ákærður 2. febrúar 2018 fyrir að villa á sér heimildir. Játaði 2. febrúar 2018.



Michael Flynn.

**Alex van der Zwaan, hollenskur lögfræðingur**
Ákærður 16. febrúar 2018 fyrir að ljúga að rannsakendum. Dæmdur í þrjátíu daga fangelsi 3. apríl 2018.

**Þrettán rússneskir einstaklingar og þrjú rússnesk fyrirtæki**
Ákærð 16. febrúar 2018, öll fyrir samsæri gegn Bandaríkjunum. Öll utan bandarískrar lögsögu nema fyrirtækið Concord Management and Consulting sem neitaði sök þann 10. maí 2018.





B|L
**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar** Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400
**Bílasalan Bílás** Akranesi www.bilas.is 431 2622
**Bílasala Akureyrar** Akureyri www.bilak.is 461 2533
**Bílaverkstæði Austurlands** Egilsstöðum www.bva.is 470 5070
**IB ehf.** Selfossi www.ib.is 480 8080
**BL söluumboð** Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516

# OPIÐ
# ALLA HVÍTASUNNUNA

BETRI ÁVEXTIR

BETRA GRÆNMETI

BETRA VERÐ

VÍÐIR

GARÐATORGI, HRINGBRAUT
SKEIFUNNI

VÍÐIR express
INGÓLFSSTRÆTI 5

# NÝTT Í HAGKAUP




**Rufus Teague BBQ sósur og Rub**

Gerir góðan grillmat betri

verð frá **799** kr/stk

Tilboð gilda út 21. maí



**NÝ SENDING**

**Ítalskur ís**

Hágæða ís í eigulegum glösum

**749** kr/stk




**Cedar´s hummus**

Gómsætur og bráðhollur hágæða hummus sem tryllir bragðlaukana

verð frá **399** kr/stk

Ítalskt



**Fumagalli ítölsk hráskinka, salami og Pancetta**

Ítölsk gæðavara. Lífræna línan

verð frá **599** kr/pk




**Plús**

Bláberja- og límónubragð

**99** kr/stk

Verð áður 219 kr/stk




**50% MEIRA**

**Góa Hraun**

Góa 50 ára, 50% meira magn. Sama verð

**279** kr/pk




**2 FYRIR 1**

**Katla**

2 fyrir 1 af súkkulaðiköku- og vöfflumixi

**369** kr/2stk

Verð áður 738

24

**Opið allan sólarhringinn**
**Garðabæ og Skeifunni**

# Meira svona alla daga



15% afsláttur




**Hagkaup Spicy majo og sinneps piparsósa**

Frábærar með kjúklingalundunum

**349** kr/stk

Holta

**Kjúklingalundir**

**2.039** kr/kg

Verð áður 2.399 kr/kg




30% afsláttur

**Lambainnralæri**

**3.149** kr/kg

Verð áður 4.499 kr/kg




20% afsláttur

**Kjúklingaskankar eldaðir, 2 tegundir**

**1.279** kr/kg

Verð áður 1.599 kr/kg




25% afsláttur

**Nauta piparsteik**

**3.449** kr/kg

Verð áður 4.599 kr/kg

# Afsakið hlé



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Þetta var aðeins spurning um tíma. Hinn gríðarmikli uppgangur í ferðaþjónustu, þar sem ferðamönnum fjölgaði um tugi prósenta ár frá ári, var ósjálfbær og hlaut að taka enda fyrr en síðar. Það sem kemur hins vegar kannski á óvart, þvert á spár flestra greinenda, er hversu hratt vöxturinn er núna farinn að hægja á sér á skömmum tíma. Þótt það eigi að fara varlega í að draga of víðtækar ályktanir þá er hægur leikur að teikna upp mynd sem gefur til kynna að það séu blikur á lofti í atvinnugreininni – og þá um leið í íslensku efnahagslífi. Hagtölur sem birst hafa sýna meðal annars að ferðamönnum fækkaði í apríl frá fyrra ári í fyrsta sinn í átta ár, þeir dvelja skemur og eyða minna, gistinóttum á hótelum fer lítillega fækkandi, fyrirtæki eru að draga saman seglin með færri ráðningum á starfsfólki og þá er einnig uppi óvissa með framgang sumra stórra hótelverkefna.

Nánast ekkert ríki á jafn mikið undir ferðaþjónustu og Ísland. Greinin skapar orðið meira en 40 prósent af útflutningstekjum þjóðarbúsins og liðlega helming af heildarhagvexti frá árinu 2010 má skýra beint og óbeint með auknum umsvifum í ferðaþjónustu. Ef ekki hefði verið fyrir vaxandi útflutningsverðmæti þessarar nýju gjaldeyrisskapandi atvinnugreinar væri búinn að vera talsverður halli á viðskiptum við útlönd síðustu ár. Það er því ekki að ástæðulausu að sumir eru farnir að óttast þau neikvæðu efnahagslegu áhrif sem mögulegur samdráttur í ferðaþjónustu kann að hafa, einkum á fasteignamarkaðinn með tilheyrandi verðlækkunum, í ljósi mikilvægis hennar fyrir þjóðarbúið.

Er því ástæða til að örvænta? Tæplega. Það er ekkert kerfishrun í vændum. Ólíkt árunum í aðdraganda falls fjármálakerfisins 2008 eru stoðir hagkerfisins í dag mun traustari. Ísland er með jákvæða eignastöðu við útlönd, gjaldeyrisforði Seðlabankans nemur um 700 milljörðum og fjárhagsstaða heimila og fyrirtækja hefur sjaldan verið betri. Þótt bankarnir yrðu fyrir miklum útlánatöpum við alvarlegt bakslag í ferðaþjónustu þá er eigið fé þeirra nægjanlegt til að standa af sér meiriháttar efnahagsáfall. Þá er rétt að hafa það í huga að ferðaþjónustan er ung atvinnugrein, með of mikið af litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sem eru rekin af reynslulitlum stjórnendum sem hafa aðeins upplifað góðæristíma. Greinin mun á næstu árum aðlaga sig breyttum aðstæðum – og þó fyrr hefði verið. Gengisstyrking krónunnar, sem hefur unnið sitt verk við að koma í veg fyrir meira ójafnvægi í þjóðarbúskapnum en ella, þýðir að ferðaþjónustan hefur engan annan valkost en að leita leiða til hagræðingar, einkum með sameiningum fyrirtækja í miklu stærri einingar. Sú þróun er þegar hafin.

Staðan í þjóðarbúskapnum er samt um margt brothætt um þessar mundir. Ísland er líklega orðið dýrasta land í heimi. Þar spilar ekki síst inn í sú staðreynd að launakostnaður fyrirtækja, mældur í erlendri mynt, hefur hækkað margfalt meira en í öðrum OECD-ríkjum frá 2010. Afleiðingin er sú að samkeppnisstaða útflutningsgreina, meðal annars ferðaþjónustunnar, hefur rýrnað stórkostlega. Niðurstaða komandi kjarasamninga á almennum vinnumarkaði mun ráða miklu um hvort framhald verði á þessari ískyggilegu þróun. Þar vilja áhrifaöfl í verkalýðshreyfingunni, stýrt af byltingarfólki með takmarkað umboð á bak við sig, efna til átaka við allt og alla og tefla á tæpasta vað. Nái þau sínu fram þarf ekki að spyrja að leikslokum.

**Þar vilja áhrifaöfl í verkalýðshreyfingunni, stýrt af byltingarfólki með takmarkað umboð á bak við sig, efna til átaka við allt og alla og tefla á tæpasta vað.**


## Aðalfundur ÍFR 2018




Aðalfundur Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík
verður haldinn laugardaginn 2.júní. 2018 kl. 14.00
í íþróttahúsi félagsins að Hátúni 14.

**Dagskrá:**

1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Önnur mál

*Stjórnin*


Halldór




## Frá degi til dags

**Sprungin blaðara?**
**Vonbrigðastuna hægrisinnaðra smáborgara bergmálaði um internetið í gær. Spenntir höfðu þeir beðið komu Tommy Robinsons sem ætlaði að messa yfir þeim um skaðsemi fjölmenningar í gærkvöld. Hann mætti þó ekki til leiks. Fyrst að sögn vegna þess að sprungið dekk kostaði hann flugfarið. Síðar vegna andláts í fjölskyldunni. Tæpum sólarhring áður en ráðstefnuhaldið rann út í sandinn hafði hlakkað í væntanlegum gestgjöfum hans þar sem fyrirhugaðar pallborðsumræður féllu niður þar sem enginn fjölmenningarsinni „treysti“ sér til að mæta Robinson. Allt féll þetta um sjálft sig og að lokum hló „góða fólkið“ hæst.**

**Appelsínugul Stormviðvörun**
**Veðurfréttamaðurinn ástsæli Siggi stormur leiðir lista Miðflokksins í Hafnarfirði hvar illar tungur eru komnar á kreik og segja Sigga hafa verið í dularfullu veikindaleyfi frá kennslu í Víðistaðaskóla í allan vetur en sé furðubrattur í kosningabaráttunni í vor. Segja má að fokið hafi í Storminn sem sagði við Fréttablaðið.is í gær að þetta væru dylgjur örfárra andstæðinga hans. „Það er verið að gera lítið úr og draga í efa að ég hafi veikst í baki í haust. Mér finnst þetta svo mikil lágkúra að ég á ekki orð,“ sagði Siggi stormur í gær.**

**thorarinn@frettabladid.is**

# Tími til að leysa húsnæðisvandann



Eyþór Arnalds
skipar 1. sæti á lista Sjálfstæðismanna í Reykjavík

Á síðustu fjórum árum hefur húsnæði í Reykjavík hækkað um 50% í verði. Leiguverð fylgir kaupverði. Þrjú þúsund leiguíbúðum var lofað fyrir fjórum árum, íbúðum fyrir „venjulegt fólk“. Í dag eru 50 $m^2$ íbúðir leigðar á 200 þúsund krónur. Og þakíbúð í fjölbýli er til sölu fyrir 400 milljónir króna. Já, 400 milljónir. Hvernig eiga þeir sem enga íbúð eiga að komast inn á markaðinn? Hvernig eiga kjósendur að treysta núverandi meirihluta fyrir því að vinda ofan af þeim vanda sem hefur orðið á þeirra vakt.

**Ungt fólk á betra skilið**

Það er aðeins ein leið til að sporna við þessari þróun sem heldur áfram ef ekkert breytist í kosningunum eftir rúma viku. Það er að auka framboð á lóðum borgarinnar til bygginga. Undanfarið hefur aðallega verið byggt á lóðum sem voru í eigu bankanna. Reykjavíkurborg úthlutaði afar litlu. Við munum breyta þessu. Bjóða fram spennandi búsetukosti í Örfirisey, BSÍ, og á Keldum. Þá munum við jafnframt klára hverfin. Þannig verður aftur hægt að líta á Reykjavík sem raunhæfan valkost fyrir fyrstu kaup.

**Búa hjá foreldrum**

Ungt fólk í Reykjavík býr í vaxandi mæli í foreldrahúsum. Þannig er því farið með tvo frambjóðendur okkar sem skipa 4. og 9. sæti lista Sjálfstæðisflokksins. Þessir verðandi borgarfulltrúar eru báðir háskólamenntaðir en hafa þurft að búa hjá foreldrum sínum lengur þar sem húsnæðiskostnaður er of hár.

Núverandi borgarstjóri hefur ráðið ríkjum síðustu átta ár. Raunar er hann búinn að vera borgarfulltrúi í 16 ár. Núverandi stefna í húsnæðismálum hefur beðið skipbrot. Það er kominn tími til að leysa húsnæðisvandann, það er kominn tími til að breyta.

Borgarbúar eiga betra skilið.

**Núverandi stefna í húsnæðismálum hefur beðið skipbrot. Það er kominn tími til að leysa húsnæðisvandann, það er kominn tími til að breyta.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Útskúfun eða samvinna

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Bandaríkjaforseti hefur verið duglegur við að æsa upp ófrið og heimsvaldastríð fyrir botni Miðjarðarhafs upp á síðkastið. Bandaríkin sögðu sig með þjósti frá samningum við Íran um eftirlit með kjarnorkuáætlun ríkisins og nú í vikunni ákváðu bandarísk stjórnvöld að stíga til fulls það ögrandi skref að flytja sendiráð sitt í Ísrael til Jerúsalem. Þessar tillitslausu, skammsýnu og stórkarlalegu ákvarðanir hafa hleypt öllu í uppnám í heimshluta sem sannarlega mátti ekki við frekari upplausn.

## Óttinn við Íran

Bandarísk stjórnvöld eiga það sameiginlegt með ísraelskum að vera mjög tortryggin á Íran. Í Ísrael er því nánast tekið sem gefnum hlut að klerkastjórninni í Íran sé ekki undir nokkrum kringumstæðum treystandi. Í Ísrael byggist sá ótti meðal annars á vel rökstuddum grun um að Íran hafi stutt við ýmsa hópa sem hafa framið hryðjuverk gegn Ísrael. Þetta er þó ekki stærsta ástæðan, því allt önnur ríki—sem eru í miklu vinfengi við Bandaríkin—leggja margfalt meira til alþjóðlegra hryðjuverka heldur en Íran. Raunverulega ástæðan fyrir andúðinni á Íran er einfaldlega sú staðreynd að Íran er stórt og öflugt ríki sem ísraelsk stjórnvöld telja sig hafa ástæðu til að óttast.

Styrkur Írans liggur ekki síst í því að þar er að finna vel menntaða og tiltölulega frjálslynda þjóð. Fólkið þar er samt nákvæmlega eins og annað fólk—eins og allir sem þangað hafa komið geta vitnað um. Þegar kvölda tekur í Teheran þá dregur fólk niður gluggatjöldin og tekur upp rauðvínsflöskurnar. Það er hins vegar afturhaldssöm harðstjórn, með trúarbragðalögregluna í broddi fylkingar, sem heldur þjóðinni í skefjum.

En viljinn til frelsis er til staðar. Þetta mátti sjá á þeirri taumlausu gleði sem braust út í Íran þegar tilkynnt var að samningar hefðu náðst milli Írans annars vegar og Bandaríkjanna, Rússlands, Frakklands, Þýskalands og Bretlands hins vegar. Þetta gaf fyrirheit um aukin og friðsamlegri viðskipti og samskipi við umheiminn. Ungir Íranar, sem sáu fram á bjartari tíma, keyrðu um göturnar með ameríska fána hangandi út um gluggann, og lágu á flautunni eins og þeir væru að fagna sigri í HM eða Eurovision.

## Einangrun eða opnun

Þrátt fyrir allt þá hefur afturhaldssinnuðum stjórnvöldum í Íran gengið verr en víða annars staðar að heilaþvo þjóðina í andstöðu við Bandaríkin og Vesturlönd.

> Það er ekki „venjulegt fólk“ sem ákveður að gera annað „venjulegt fólk“ að óvinum sínum.

Þetta er líklega ástæða þess að þúsundir íbúa Teheran ruku út á götur 11. september 2001 með kerti til þess að sýna fórnarlömbum árásanna á Tvíburaturnana virðingu sína.

En nú ætla Bandaríkin að reyna að berja Íran til hlýðni með viðskiptaþvingunum og útskúfun frekar en samvinnu. Svoleiðis aðgerðir hljóma kannski mildilega í eyrum flestra. Það er hins vegar ákaflega hæpið að hægt sé að finna betri leið til þess að herða tök hinna vondu stjórnvalda heldur en einmitt að draga úr möguleikum borgaranna til þess að stunda viðskipti, auðgast, ferðast til útlanda og kynnast því sem heimurinn hefur upp á að bjóða.

Þess vegna má stórlega efast um þá hugmynd að rétta leiðin til þess að draga úr völdum öfgamanna í Íran sé að einangra landið frá umheiminum með banni við viðskiptum og öðrum samskiptum, eins og Bandaríkjastjórn virðist halda.

Það gildir nefnilega svipað um viðskiptabann eins og um loftárásirnar sem gerðar voru á óbreytta borgara í seinni heimsstyrjöldinni. Árásirnar voru gerðar vegna þess að hernaðarsérfræðingar töldu að þannig mætti draga baráttuþrek úr almennum borgurum. Kenningin var sú að þeir yrðu svo hræddir að þeir myndu þrýsta á stjórnvöld að gefast upp. Þessu var haldið fram þótt þá hafi þegar verið til staðar takmörkuð reynsla sem benti til hins þveröfuga. Bretar fundu það á eigin skinni að samstaða þjóðarinnar og baráttuþrek stórjókst þegar Þjóðverjar vörpuðu sprengjum á breskar borgir. Þeir héldu því hins vegar fram að þetta væri sérstakur eiginleiki bresku þjóðarinnar – hinir lingerðu Þjóðverjar myndu örugglega bregðast allt öðruvísi við, lyppast niður og grátbiðja um miskunn. Allt var þetta bull.

Það er líka hæpið að halda því fram að það sé góð hugmynd að kippa stoðunum undan atvinnulífi í landi eins og Íran. Miklu líklegra er að stóraukin viðskipti við landið myndu gera þarlendum stjórnvöldum erfiðara að hegða sér með þeim hætti að það ógnaði afkomu þjóðarinnar. Þar að auki eru viðskipti auðveldasti farvegur menningarstrauma, nýrra hugmynda, tísku og tækni.

## Eurovision í Teheran

Íranska þjóðin umber stjórnvöld en styður þau tæplega. Allt vald sem einstaklingar og fyrirtæki í landinu öðlast er líklegra til þess að gagnast til að losna við hin vitfirrtu stjórnvöld heldur en utanaðkomandi þvinganir. Viðskiptahöft bitna fyrst og fremst á almennum borgurum, drepa drauma þeirra og herðir þá fjötra sem stjórnvöld setja á venjulegt fólk.

Og Íranar eru auðvitað venjulegt fólk. Besta leiðin til þess að búa til efasemdir um að íbúar annarra landa séu öðruvísi en við sjálf er að takmarka samskipti við þá. Þetta kunna allir alvöruharðstjórar, eins og í Norður-Kóreu, þar sem gríðarleg áhersla er lögð á að koma í veg fyrir að fólk kynnist því hvernig daglegt líf fólks í öðrum löndum fer fram.

Það er ekki „venjulegt fólk“ sem ákveður að gera annað „venjulegt fólk“ að óvinum sínum. Stríðsmóður rennur ekki á nokkurn mann nema öryggi hans og afkomu sé ógnað. Bann við viðskiptum, hótanir um árásir og menningarleg útskúfun búa því til óvini úr venjulegu fólki. Friðsöm samskipti og frjáls verslun draga hins vegar úr tortryggni og mylja smám saman niður kúgunartæki vondra stjórnvalda. Eftir því sem venjulega fólkið fær meiru ráðið, því erfiðara reynist slæmum stjórnmálamönnum að knýja fram vondar fyrirætlanir sínar.

Þess vegna myndi ég ekki hafa nokkurn skapaðan hlut við það að athuga þótt Eurovision yrði haldið í Teheran á næsta ári, eða hvar sem er þar sem venjulegt fólk hefur gott af því að gleðjast með öðru venjulegu fólki og fá áminningu um hve hjörtum manna svipar saman í Súdan og Grímsnesinu.





GE bílar Reykjanesbæ www.gebilar.is 420 0400
Bílasalan Bílás Akranesi www.bilas.is 431 2622
Bílasala Akureyrar Akureyri www.bilak.is 461 2533
Bílaverkstæði Austurlands Egilsstöðum www.bva.is 470 5070
IB ehf. Selfossi www.ib.is 480 8080
BL söluumboð Vestmannaeyjum 481 1313 862 2516
BL ehf Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík 525 8000 / www.bl.is

FRÉTTABLAÐIÐ SPORT

# Mikið ævintýri en gott að vera komin heim frá Tékklandi

Sandra María Jessen, leikmaður Íslandsmeistara Þórs/KA, er þegar búin að skora fimm mörk í Pepsi-deild kvenna. Hún var í Tékklandi í vetur og spilaði þar með Slavia Prag þar sem ný ævintýri biðu hennar á hverjum degi.



Sandra María hefur verið komið á skotskónum eftir að hún kom heim frá Tékklandi. NORDICPHOTOS/GETTY

**FÓTBOLTI** Sandra María kom inn í Pepsi-deildina með miklum látum og skoraði þrennu í fyrsta leik gegn Grindavík. Síðan hafa komið tvö mörk, gegn HK/Víkingi og ÍBV. Sandra var lánuð til Slavia Prag í vetur þar sem hún upplifði ný ævintýri á hverjum degi.

„Maður græðir alltaf á því að komast í nýtt umhverfi og fá aðra sýn á fótboltann. Þetta ævintýri gaf mér mikið og hefur hjálpað mér að ná þessari góðu byrjun,“ segir hún.

Slavia Prag er sigursælt félag, hefur unnið 19 titla, meðal annars deildina fjögur ár í röð.

„Liðið er virkilega sterkt. Umgjörðin, þjálfunin og æfingarnar voru til fyrirmyndar og ég ákvað strax að gera það sem ég gæti gert til að byggja ofan á þannig að ég hugsaði vel um mig utan vallar,“ segir Sandra María.

„Ég æfði mikið og leikjaprógramið í Tékklandi er þétt svo ég spilaði marga leiki og spilaði í nýjum stöðum, var ekki bara föst á kantinum. Ég spilaði á miðjunni og var fremst meðal annars. Við spiluðum líka mörg kerfi svo ég fékk nýja innsýn í fótboltann og tel að það sé hollt að vera ekki alltaf í sama pakkanum og með sömu áherslurnar.“

Hún viðurkennir að það hafi verið smá stress að labba inn í klefann í fyrsta sinn enda eini útlendingurinn í liðinu og lítið um ensku á æfingasvæðinu.

„Það er ein frá Slóvakíu þarna en hún er búin að búa í Prag í nokkur ár þannig að ég var sú eina sem talaði ekki tungumálið. Stelpurnar kenndu mér tékknesku og ég kann núna slatta í tungumálinu og ég var fljót að komast inn í hópinn,“ segir Sandra María.

„Það tók mig smá tíma að koma mér inn í tungumálið en liðið tók vel á móti mér og ég var ekkert lengi að komast inn í hlutina.“

> Liðið er virkilega sterkt. Umgjörðin, þjálfunin og æfingarnar voru til fyrirmyndar og ég ákvað strax að gera það sem ég gæti gert til að byggja ofan á þannig að ég hugsaði vel um mig utan vallar.
>
> Sandra María Jessen

Sandra segir að það sé öðruvísi að koma inn í mótið sem ríkjandi Íslandsmeistari.

„Það er alltaf meiri pressa en við erum að gera það sem við erum góðar í. Þetta er verkefni sem við erum að tækla og við erum búnar að vera að gera það vel að mér finnst.“ **benediktboas@frettabladid.is**

## Nýjast

**Olís-deild karla, úrslit**

**ÍBV - FH 29-22**

**ÍBV:** Róbert Aron Hostert 8, Agnar Smári Jónsson 7, Elliði Snær Viðarsson 3, Sigurbergur Sveinsson 3, Theodór Sigurbjörnsson 2/1, Grétar Þór Eyþórsson 2, Friðrik Hólm Jónsson 2, Kári Kristján Kristjánsson 1, Dagur Arnarsson 1.

**FH:** Óðinn Þór Ríkharðsson 7, Ágúst Birgisson 5, Einar Rafn Eiðsson 5/2, Ísak Rafnsson 3, Jóhann Birgir Ingvarsson 2..

**Pepsi-deild karla**

**Fylkir - ÍBV 2-1**

1-0 Steven Lennon, víti (48.), 2-0 Brandur Olsen (69.), 2-1 Elfar Árni Aðalsteinsson (80.), 3-1 Lennon (85.)..

**FH - KA 3-1**

1-0 Steven Lennon, víti (48.), 2-0 Brandur Olsen (69.), 2-1 Elfar Árni Aðalsteinsson (80.), 3-1 Lennon (85.).

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Breiðablik | 9 | KA | 4 |
| FH | 9 | Stjarnan | 2 |
| Valur | 5 | Fjölnir | 2 |
| Víkingur R. | 5 | Heflavík | 1 |
| Grindavík | 4 | ÍBC | 1 |

## Eyjamenn sigri frá titlinum

**HANDBOLTI** ÍBV vantar aðeins einn sigur í viðbót til að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn í handbolta karla. Eyjamenn unnu 29-22 sigur á FH-ingum á heimavelli í gær og leiða einvígi liðanna 2-1. Fjórði leikur þeirra fer fram í Kaplakrika á morgun.

Eyjamenn voru sterkari aðilinn í leiknum og leiddu allan tímann. FH-ingar urðu fyrir miklu áfalli um miðjan fyrri hálfleik þegar Andri Heimir Friðriksson braut gróflega á Gísla Þorgeiri Kristjánssyni sem tók ekki frekari þátt í leiknum.

ÍBV hélt FH alltaf í hæfilegri fjarlægð. Sóknarleikur FH-inga var stirður og aðeins fimm leikmenn liðsins komust á blað. Á endanum munaði sjö mörkum á liðunum, 29-22. **– iþs**



# Fólk

## Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 18. MAÍ 2018



Friðgeir Helgason matreiðslumaður hefur starfað víða í Bandaríkjunum undanfarna tvo áratugi. Í sumar ætlar hann að njóta lífsins í Flatey. MYND/ERNIR

# Stanslaust að prófa og uppgötva nýja hluti

Matreiðslumaðurinn Friðgeir Helgason hefur verið heimilislaus róni á götum Los Angeles borgar og eldað á bestu og fínustu veitingastöðum New Orleans. Í sumar tekur hann yfir eldhúsið á Hótel Flatey en hann segir eyjuna í Breiðafirði vera einn af yndislegustu stöðum jarðar. →2



**Kór Lindakirkju heldur stórtónleika á annan í hvítasunnu þar sem frægir gospelsálmar verða fluttir í bland við nýja íslenska gospeltónlist. Áslaug Helga Hálfdánardóttir lofar himneskri upplifun.** →10






Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is

Framhald af forsíðu ➪

Friðgeir Helgason hefur starfað á nokkrum af bestu veitingastöðum New Orleans borgar í Bandaríkjunum síðustu tvo áratugina auk þess sem hann er afbragðs landslagsljósmyndari og hefur haldið fjölda sýninga á Íslandi og í Bandaríkjunum. Í dag og á morgun stendur hann fyrir „pop-up“ veitingastað á Coocoo's Nest í Reykjavík þar sem hann mun bjóða upp á ekta New Orleans „soul food“ en heldur eftir það til Flateyjar, sem hann segir einn af yndislegustu stöðum jarðar, þar sem hann mun starfa sem yfirkokkur á Hótel Flatey í sumar. „Það verður frábært að komast aftur til Flateyjar í sumar og ég hlakka mikið til. Stórvinkona mín og meistarakokkur, Melissa Martin frá New Orleans, verður mér til aðstoðar í sumar en hún rekur eigið veitingahús í New Orleans sem er lokað á sumrin. Við stefnum að sjálfsögðu á að elda frábæran og spennandi mat og ætti enginn að verða fyrir vonbrigðum með heimsókn til okkar í sumar.“

Ævi Friðgeirs hefur því verið ansi viðburðarík en líf hans hefur svo sannarlega ekki alltaf verið dans á rósum. Botninum náði hann árið 2004 þegar hann var heimilislaus róni á götum Skid Row hverfisins í Los Angeles en með hjálp góðra manna náði hann að snúa baki við fyrri lífsstíl.

## Byrjaði í eldhúsi ömmu

Friðgeir er fæddur í Vestmannaeyjum árið 1966 en flutti upp á land í gosinu 1973 og ólst upp í Fellahverfinu í Breiðholti hjá afa sínum og ömmu. „Hún amma, þessi elska, var af gamla skólanum og allur matur var mauksoðinn og ofeldaður hjá henni. Fyrstu skref mín í eldhúsinu hjá henni voru að steikja pylsur með lauk og þegar ég var fjórtán ára fór ég á lúðu með pabba og var gerður að kokki. Ég man að við veiddum feitan og girnilegan karfa í beitu sem ég notaði einu sinni í matinn og var næstum því kjöldreginn fyrir að reyna að eitra fyrir áhöfninni með því að gefa þeim beitu í matinn.“



Friðgeir (t.v.) snýr aftur til Flateyjar í sumar þar sem hann mun galdra fram girnilegar kræsingar í eldhúsi Hótels Flateyjar. Sjálfum finnst honum skemmtilegast að elda úr öllu því ferska hráefni sem hann fær beint úr Breiðafirðinum. „Þar hef ég gert tilraunir með ýmislegt sem ég tíni á eyjunni og í fjörunni. Ég er t.d. alveg heillaður af skessujurtinni og er byrjaður að rækta hana heima í Altadena,“ segir Friðgeir, sem hér er að vinna úr afla dagsins síðasta sumar.

## Brenndi margar brýr

Sem ungur maður var Friðgeir ekki endilega að stefna á kokkinn heldur lá áhugasvið hans víða. „Móðir mín flutti til Los Angeles árið 1986. Sama ár vann ég á netabát í Reykjavík í hundleiðinlegu haustveðri þar sem ekkert veiddist. Ég skrapp til mömmu um jólin og lenti í 25 stiga hita og sól og sneri ekki aftur. Fyrstu árin bjó ég í Los Angeles og var bara að gera hitt og þetta. Meðal annars sótti ég bæði um inngöngu í listaskóla í San Francisco og í kokkaskóla í New Orleans og fékk inngöngu í báða. Ég sló til og fór til New Orleans árið 1990.“

Í New Orleans var Friðgeir svo heppinn að fá vinnu á mjög góðu litlu veitingahúsi og í framhaldinu vann hann að eigin sögn á nokkrum af bestu veitingahúsum borgarinnar. „Á þessum tíma vann ég fyrir fjóra yfirkokka sem voru valdir Bestu nýju matreiðslumennirnir hjá því virta tímariti Food and Wine, meðan ég vann með þeim. Ég var á mjög góðri siglingu með að ná langt í bransanum í New Orleans en ég var mikil fyllibytta sem fylgir ansi oft þessari starfsstétt og brenndi margar brýr að baki mér. Þannig endaði ég sem heimilislaus róni í Los Angeles árið 2004.“



Eldhúsið er leikvöllur Friðgeirs. MYND/SPESSI



Ein mynda Friðgeirs úr seríunni Sand snjór sem byggir á ljósmyndum úr eyðimörkunum í Bandaríkjunum og frá snjónum á Íslandi.

## Milljón máltíðir á ári

Eftir að hafa náð sér á strik aftur héldu frekari ævintýri af ýmsum toga áfram í lífi Friðgeirs. „Ég vann t.d. í eldhúsinu á Midnight Mission hjálparmiðstöðinni í Los Angeles þar sem við gáfum milljón máltíðir á ári til heimilislausra auk þess sem ég sótti ljósmyndaskóla þar árin 2006-2008. Einnig vann ég sem einkakokkur á flottustu meðferðarheimilunum fyrir ríka og fræga fólkið og starfaði líka sem ráðgjafi í tvö ár.“

Eftir að fellibylurinn Katrín reið yfir New Orleans árið 2005 flutti Friðgeir aftur til borgarinnar og bjó þar næstu þrjú árin. „Þar vann ég á nokkrum nýjum veitingahúsum sem vinir mínir höfðu opnað og gat um leið lagað allar brýrnar sem ég hafði brennt í gamla daga. Á þessum tíma vann ég líka í nokkur sumur sem yfirkokkur á lúxusveitingastað í 3.000 metra hæð í Sierra Nevada fjöllunum í Kaliforníu þar sem maður þurfti stanslaust að passa upp á að bjarndýr kæmust ekki í rusl og aðrar leifar.“

## Risastór suðupottur

Hann segir mikinn mun á Íslandi og Bandaríkjunum þegar kemur að hráefni og matargerð. Sá munur hafi þó minnkað mikið undanfarin ár með fjölgun útlendinga hér á landi sem komi með matarhefðir sínar í farteskinu. „Fiskurinn og lambið eru náttúrulega best á Íslandi en grænmetið er miklu betra og ódýrara í Bandaríkjunum auk þess sem allt annað kjöt en lambakjöt er miklu betra vestanhafs.“

Þó tekur hann fram að það sé óréttlátt að bera saman borg eins og Los Angeles með 18 milljónir íbúa og litla Ísland. „En það sem Ísland hefur náttúrulega fram að færa er hráefni sem er svo hreint og tært. Aftur á móti er Los Angeles sennilega mest spennandi matarborg heimsins enda einn risastór alþjóðlegur suðupottur.“

Hann segist mjög duglegur að þvælast um borgina og finna góð veitingahús frá ólíkum heimshornum. „Ég veit t.d. hvar allir bestu taco-trukkarnir eru staðsettir í borginni og þekki vel til góðra staða í San Gabriel Valley sem er stærsta kínahverfi heims utan Kína. Ekki má svo gleyma litlu Tókýó og Korea Town. Persónulega er ég miklu spenntari fyrir því sem er að gerast á litlu stöðunum og á götunum heldur en því sem er í gangi á þriggja stjörnu Michelin stöðunum.“

## Algjör paradís

Friðgeir er giftur Susan Bolles sem vinnur sem leikmyndahönnuður í sjónvarpi í Hollywood og er mjög klár listakona að hans sögn. „Við búum við rætur San Gabriel fjallanna, í Altadena, fyrir ofan Los Angeles þar sem við erum með sex appelsínutré og þrjú sítrónutré í garðinum. Þetta er algjör paradís. Við erum líka með stúdíó rétt hjá þar sem við bæði vinnum að listsköpun okkar þegar við erum ekki í vinnutörnum. Ég er mjög duglegur að þvælast um Bandaríkin með myndavélina og hef t.d. verið að vinna að myndaseríunni Sand snjór sem byggir á ljósmyndum úr eyðimörkinni og frá snjónum heima á Íslandi.“

## Heillaður af skessujurtinni

Undanfarin ár hefur veitingastöðum fjölgað mikið á höfuðborgarsvæðinu, samfara auknum ferðamannastraumi. Hann segist hafa fylgst aðeins með þróuninni og finnst margt spennandi í gangi. „Það sem mér finnst svolítið áhugavert er að maturinn á dýrustu og flottustu veitingastöðunum á Íslandi er á sambærilegu verði við toppstaðina í Bandaríkjunum á meðan miðlungsstaðirnir eru aftur á móti fjórum sinnum dýrari.“

Sjálfum finnst honum skemmtilegast að elda úr öllu því ferska hráefni sem hann fær beint úr Breiðafirðinum þegar hann dvelur í Flatey. „Þar hef ég gert tilraunir með ýmislegt sem ég tíni á eyjunni og í fjörunni. Ég er t.d. alveg heillaður af skessujurtinni og er byrjaður að rækta hana heima í Altadena. Mér finnst líka mjög gaman að elda ekta Suðurríkja-„soul food“ og rétti ættaða frá New Orleans. Undanfarna mánuði hef ég verið að leika mér með ýmis krydd frá Armeníu en það er armenskur kjötkaupmaður í Altadena sem hefur verið að kenna mér að nota þau. Það skemmtilega við matargerð er að maður er stanslaust að uppgötva nýja hluti og læra eitthvað spennandi.“




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar | **Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson | **Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |



Fallegu konungbornu blómabörnin.

## Konungleg blómabörn

Tvö eldri börn Vilhjálms hertoga og Katrínar hertogaynju, þau Georg sem er 4 ára og Charlotte sem er 3 ára verða þátttakendur í konunglegu brúðkaupi frænda síns, Harrys, á morgun. Alls verða tíu börn á aldrinum tveggja til sjö ára brúðarmeyjar og -sveinar. Fyrir utan frændsystkinin verða systurnar Remi, 6 ára, og Rylan, 7 ára, brúðarmeyjar. Þær eru dætur Benitu sem er ein besta vinkona Meghan auk þess sem hún er guðmóðir þeirra. Þá eru einnig á listanum Ivy, 4 ára, Brian og John, 7 ára en þau eru börn kanadíska fatahönnuðarins Jessicu Molroney. Loks eru Florence, 3 ára, dóttir Alice og Nicholas van Cutsem, Zalie, 2 ára, hún er dóttir Zoe og Jake Warren, og Jasper, 6 ára, sonur Amöndu og Mark Dyer.

Börn Vilhjálms og Katrínar tóku þátt í brúðkaupi fyrir ári þegar frænka þeirra, Pippa Middleton giftist James Matthews.



Háskólanemar taka sporið á Sólon á sunnudagskvöldið.

## Dansað á Sólon

Á sunnudagskvöldið næstkomandi er góð ástæða til að taka fram dansskóna og góða skapið því það kvöld mun Háskóladansinn standa fyrir svokölluðu sunnudagskvöldi á Sólon. Fjörið byrjar kl. 20.30 og mun dansinn duna fram eftir kvöldi. Ætlunin er að taka hressilegan snúning í swing & rock 'n' roll og boogie-woogie dansi. Allir sem áhuga hafa á að dansa af hjartans lyst eru velkomnir og ekki þarf að taka dansfélaga með. Aðgangur er ókeypis en dansarar eru beðnir um að styrkja staðinn með því að kaupa sér drykkjarföng á barnum. Háskóladansinn, sem er dansfélag fyrir háskólanema, stendur reglulega fyrir danskvöldum þar sem þátttakendur mæta og æfa sporin saman.

## 88 ára Gucci módel

Fyrrverandi leikkonan og fyrirsætan Tippi Hedren er andlit nýjustu auglýsingaherferðar Gucci. Hedren er orðin 88 ára gömul, en hún var fyrirsæta á 6. áratug síðustu aldar og er meðal annars þekkt fyrir leik í kvikmyndunum Marnie og The Birds eftir Alfred Hitchcock.

Auglýsingaherferðin er fyrir skartgripi og úr og í henni leikur Hedren spákonu sem er að lesa í lófa, kristalskúlur og steina fyrir ungar fyrirsætur.

Ráðning Hedren virðist vera hluti af breyttum áherslum í tískuheiminum, þar sem verður sífellt algengara að sjá eldri fyrirsætur. Gucci hefur líka ráðið leikkonuna Vanessu Redgrave, sem er 79 ára, í auglýsingaherferð og á síðasta ári lék Lauren Hutton, sem er 73 ára, í auglýsingum fyrir nærföt frá Calvin Klein.

Hedren er móðir leikkonunnar Melanie Griffith og amma leikkonunnar Dakota Johnson, en Johnson hefur einnig líka verið í auglýsingaherferð fyrir Gucci.






# Fallegt, fágað og töff

Er útskrift eða brúðkaup fram undan? Sumarið er komið í Comma og sjón er sögu ríkari þar sem boðorð þýska tískurisans er „*Mix it! Wear it! Love it!*“ og að skapa sinn eigin persónulega stíl.

Slagorð Comma er fallegt, fágað og töff,“ segir Karen Ómarsdóttir, verslunarstjóri í Comma, þar sem búðin er full af sumarlegum klæðnaði við öll tækifæri; kjólum, drögtum og fallegum toppum sem auðvelt er að mixa saman.

„Comma hefur „mix & match“ í hávegum. Öll snið og efni eru svo kvenleg og falleg og flíkurnar til þess hannaðar að konur geti dressað þær upp og niður eftir mismunandi tilefnum lífsins. Þannig geta þær klæðst flottum Commakjól í vinnunni og dressað hann upp eftir vinnu til að fara sem glæsilegastar í kokteilboð,“ segir Karen innan um lillableika, græna og fjólubláa litatóna sem eru hæstmóðins í sumar, í bland við svart og hvítt.

„Maístraumnum fylgir litagleði, blóm og sumar, og allt er jafn mikið í tísku, hvort sem það er sumarkjóll eða dragt. Því er konan vel sett ef hún á eina góða dragt og einn fallegan satíntopp sem hún getur blandað saman við aðrar flíkur og alltaf litið út eins og hún sé í nýju dressi,“ upplýsir Karen og gefur góð ráð til að blanda og breyta dragt og satíntoppi.

„Þannig er hægt að mixa dragtina við toppinn, dragtarbuxur við galla- eða leðurjakka, dragtarjakka við sparilegan kjól, satíntopp við gallabuxur og þannig útfært eigin stíl hverju sinni. Aðalmálið er að konur njóti þess að nota fötin sín vel og leyfi hugmyndafluginu að ráða, því oftar en ekki kaupa þær spariflík fyrir stór tilefni og nota svo ekki aftur fyrr en við næsta tilefni. Það er kolröng hugsun. Kauptu þér frekar hvíta sumarlega strigaskó og notaðu við kjólinn til að vera vel og fallega klædd en samt töff,“ segir Karen í Comma, sem er verslun fyrir tískumeðvitaðar og kraftmiklar nútímadömur sem vilja bera af í fallegum, fáguðum og töff fötum á vinnustað sem og á viðburðum.

„Þessa dagana koma til okkar konur á öllum aldri í leit að fallegum flíkum fyrir útskriftir vorsins og brúðkaup sumarsins, og við fáum nýjar vörur vikulega og nýjar tískulínur í hverjum mánuði, í stærðunum 34 til 46. Comma sækir nú markvisst til yngri kvenna og hannar elegant tískulínur fyrir ungar konur á framabraut sem eru að uppfæra sig í gæðum og verðum,“ segir Karen.






Comma er á 2. hæð í Smáralind. Comma er líka á Facebook.



Glamúr

**Kjóll með perlum**
21.490 kr.
**Peysujakki**
11.990 kr.
**Buxur hvítar chino**
14.990 kr.
**Hálsmen**
4.490 kr.

# Á að taka til í geymslunni um helgina?

Hvað dót á að halda upp á og hvað á að losa sig við þegar tekið er til í geymslunni? Það getur verið snúið að finna út úr því en ýmislegt er hægt að gera til að spara sér tíma og fyrirhöfn.



Geymslan er gjarnan full af bráðnauðsynlegum óþarfa. NORDICPHOTOS/GETTY


Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is

Veðurspáin næstu daga býður varla upp á löng ferðalög þrátt fyrir langa helgi. Margir hugsa sér því gott til glóðarinnar og ætla að taka til í geymslunni, enda eru þær flestar fullar af bráðnauðsynlegum óþarfa sem hefur safnast upp í gegnum tíðina. Mikilvægt er að ganga skipulega til verks og það fyrsta sem þarf að losa sig við er samviskubitið. Það er allt í lagi að losa sig við dót sem þú hefur hvorki not fyrir né ánægju af.

## Erfðagóss í endurvinnslu

Margir fá samviskubit yfir því að henda eða losa sig við dót sem þeir hafa fengið í arf eftir frænkur eða frændur, eða í jólagjöf frá vinum og vandamönnum. Þetta geta verið hlutir á borð við styttur, matarstell, bolla og blómavasa. Þótt þessir hlutir falli í þinn hlut þarf það ekki að þýða að þú verðir að finna þeim stað á þínu heimili. Í staðinn fyrir að setja erfðagóssið inn í geymslu er betra að losa sig við það strax. Heimilið er jú þitt og það á að vera fullt af munum sem veita þér gleði en ekki óánægju.

## Barnadót og -föt

Flestar geymslur eru fullar af barnadóti og -fötum sem fólk heldur að komi einhvern tímann öðrum að notum, eða að börnin hafi áhuga á þessum hlutum þegar þau verða fullorðin. Margir geyma til að mynda allt skóladót barnanna sinna fram eftir öllu en með tímanum verður þetta ógurlegur stafli sem erfitt er að ráðast í. Það er algjör óþarfi að geyma hverja einustu skólabók eða teikningu eftir barnið. Betra er að ákveða hversu mikið á að geyma eftir hvert skólaár og losa sig jafnóðum við hitt. Það gæti t.d. verið ein bók úr hverju fagi og fimm teikningar sem þið barnið veljið í sameiningu.

Hvað barnaföt varðar eru afar litlar líkur á að barnabörnin eigi eftir að klæðast þeim. Barnafatatískan breytist, gamlir blettir koma fram og nást ekki úr og þessi föt dagar því oft uppi. Hægt er að selja fötin eða gefa þau áfram og halda aðeins eftir því sem er ykkur sérlega kært, svo sem handprjónaða heimagallanum eða peysunni frá langömmu.

## Ein bók út fyrir hverja nýja

Bækur eru eitt af því sem fáir vilja henda en það er hægt að gefa bókum lengra líf með því að gefa þær öðrum eða á markaði eins og Góða hirðinn. Bækur sem þú hefur aldrei lesið og sérð ekki fram á að lesa eru betur komnar hjá öðrum sem hafa áhuga á þeim. Það má t.d. ákveða að fyrir hverja nýja bók sem kemur inn á heimilið fari önnur út. Bækur sem eru í kössum inni í geymslu koma engum að notum og ætti umsvifalaust að losa sig við.

## Ónotað frístundadót

Margir eiga ónotað golfsett, línuskauta, veiðigræjur eða skíði sem minna aðeins á fögur fyrirheit um holla hreyfingu en hafa þess í stað fengið að safna ryki. Það er miklu auðveldara að sanka að sér frístundadóti en að nota það reglulega. Mikið samviskubit getur fylgt því að losa sig við nýtt eða nær ónotað frístundadót, ekki síst af því að það hefur sannarlega kostað skildinginn. Það má því hugsa, hvað ef það þyrfti að borga leigu undir þetta dót? Er það ekki betur komið hjá einhverjum sem hefur not fyrir það?

Ef það reynist óyfirstíganlegt verkefni að fara í gegnum dótið í geymslunni gæti verið ráð að fá aðstoð frá fólki sem tekur að sér að skipuleggja slík verkefni.


501 DAY
30%
ALLAR 501 BUXUR
ALLIR GALLAJAKKAR
Levi's
Tilboð til 19. maí
Levi´s Kringlunni - Levi´s Smáralind

# Xbox stýripinni fyrir fatlaða

Tölvufyrirtækið Microsoft hefur tilkynnt nýjan stýripinna fyrir Xbox leikjatölvuna sem er hannaður sérstaklega fyrir einstaklinga með fötlun. Stýripinninn kemur á markað seinna á þessu ári.



Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Microsoft hefur tilkynnt útgáfu nýs stýripinna fyrir Xbox leikjatölvuna, sem ber heitið „Xbox Adaptive Controller“. Hann er hannaður til að fleiri einstaklingar með fötlun geti spilað tölvuleiki og gerir notendum kleift að tengja alls kyns aukahluti sem bæta aðgengi og setja stýringar leikja upp eins og þeim hentar.

Milljónir manna um allan heim kjósa að spila tölvuleiki, sem bjóða upp á mun meiri gagnvirkni en önnur vinsæl afþreying eins og kvikmyndir, sjónvarpsþættir og bækur. Til að fleiri geti notið þessa listformsins hefur Microsoft hannað þennan nýja stýripinna, en hefðbundnir stýripinnar geta verið óhentugir fyrir fólk með fötlun og jafnvel hindrað þau í að spila, því þeir eru hannaðir þannig að það þarf að halda um þá með báðum höndum og hreyfa alla fingurna til að nota takkana.

## Stjórnborð með marga möguleika

Nýi stýripinninn er hannaður til að tengjast alls kyns aukahlutum sem eru þegar á markaðnum. Það eru til ýmis fyrirtæki sem selja aukahluti til að hjálpa einstaklingum með fötlun að spila tölvuleiki og margir eiga nú þegar og tengin á nýja stýripinnanum eru hönnuð til að passa fyrir þann aukabúnað, svo það sé ekki þörf á að kaupa nýja aukahluti fyrir þessa græju. Nýi stýripinninn virkar líka ekki bara fyrir Xbox One leikjatölvuna, heldur einnig á PC tölvum sem nota Windows 10.

Í raun mætti kalla þetta stjórnborð frekar en stýripinna. Græjan er ferhyrningslaga og um 30 cm á lengd og framan á henni eru tveir stórir hringlaga takkar sem er hægt að stilla til að virka sem hvaða takki sem er á hefðbundnum stýripinna. Aftan á henni er röð af tengjum og hvert þeirra samsvarar takka á hefðbundnum stýripinna. Í þau er hægt tengja alls kyns aukahluti sem henta hverjum og einum og setja þannig stýringarnar upp eins og manni hentar. Svo eru USB tengi á hliðunum þar sem er hægt að tengja stýripinna sem fylla í skarðið fyrir vinstri og hægri pinnann á hefðbundnum stýripinna. Það verður svo hægt að vista nokkrar mismunandi uppsetningar í minni stýripinnans, ef þörf er á.

Það er líka hægt að nota nýja stýripinnann ásamt hefðbundnum stýripinna með því að hafa hluta af stýringunum á þeim nýja og hluta þeirra á hefðbundnum stýripinna, sem er þægilegt fyrir þá sem geta ekki notað báðar hendur.





**Nýi stýripinninn er nokkurs konar stjórnborð sem hægt er að tengja alls kyns aukabúnað við og þannig stilla stýringarnar að eigin þörfum.** MYND/XBOX.COM



**Hefðbundinn Xbox One stýripinni hentar ekki öllum.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Það er hægt að tengja aukahluti við stýripinnann til að leysa af alla venjulegu takkana.** MYND/XBOX.COM

## Tölvuleikir eiga að vera fyrir alla

Tölvuleikjaheimurinn hefur ekki verið sérlega aðgengilegur fyrir einstaklinga með fötlun til þessa. Það hafa verið stigin skref í rétta átt á síðustu árum, en að mestu leyti hafa stórfyrirtækin sem mala gull á leikjavélum og því sem þeim fylgir látið smærri fyrirtæki sjá um að hanna og framleiða vörur sem auka aðgengið. Þessi nýi stýripinni er skýrasta merkið um að Microsoft vilji þjónusta einstaklinga með fötlun.

Fræinu að nýja stýripinnanum var sáð árið 2015. Nokkrir starfsmenn Microsoft ákváðu að reyna að bæta aðgengi fyrir tölvuleiki og smíðuðu frumgerð, sem var svo þróuð lengra árið eftir. Það ár tilkynnti Phil Spencer, forstjóri tölvuleikjadeildar Microsoft, að tölvuleikir ættu að vera fyrir alla og að það yrði lögð aukin áhersla á að skilja og mæta þörfum einstaklinga með ólíka líkamlega getu. Í fyrra var svo ákveðið að gera frumgerðina að söluvöru í samstarfi við ýmsa hópa sem þekkja vel þarfir einstaklinga með fötlun.

Þessari nýju þróun er fagnað. Það er talið til marks um breytingu á tölvuleikjaiðnaðinum að stórfyrirtæki eins og Microsoft vilji gera sitt besta til að sinna þörfum einstaklinga með fötlun og það má sterklega gera ráð fyrir að Sony, framleiðandi PlayStation leikjatölvunnar, reyni að hanna svipaða lausn fyrir sína vél.

Nýi stýripinninn mun kosta um 10 þúsund krónur í verslun Microsoft og kemur á markað seinna á árinu.








# Safnadagurinn

FÖSTUDAGUR 18. MAÍ 2018



Helga Maureen Gylfadóttir, formaður FISOS, og Guðný Dóra Gestsdóttir, formaður ICOM, standa að kynningu á Alþjóðlega safnadeginum sem er í dag. Íslensk söfn um allt land taka þátt. MYND/ SIGTRYGGUR ARI

## Íslensk söfn iða af lífi

Alþjóðlegi safnadagurinn er haldinn í dag undir yfirskriftinni Ofurtengd söfn: Ný nálgun, nýir gestir. Alls taka þátt 35.000 söfn í yfir 140 löndum. FÍSOS, Félag Íslenskra safna og safnmanna, og ICOM, Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna, standa saman að kynningu á deginum. →2

Það er gaman að kíkja á safn. Við förum á söfn þegar við erum í fríi til að upplifa eitthvað skemmtilegt, fræðast og sjá áhugaverða hluti. Í huga margra hvílir drungi yfir orðinu „safn“ en það á alls ekki við. Íslensk söfn iða af lífi,“ segir Guðný Dóra Gestsdóttir, formaður ICOM, Íslandsdeildar Alþjóðaráðs safna. Helga Maureen Gylfadóttir, formaður FÍSOS, Félags íslenskra safna og safnmanna, tekur í sama streng en ICOM og FÍSOS kynna Safnadaginn sem haldinn er í dag.

„Söfn eru frábær og lifandi vettvangur til stefnumóta og þekkingar. Við viljum hvetja landsmenn til þess að heimsækja söfn, Safnadaginn sem aðra daga. Markmið okkar er að gera heimsókn á safn jafn eðlilega og að fara í sund,“ segir Helga. „Á söfnum er blásið til ýmissa viðburða, fræðslu fyrir börn, haldnir tónleikar og settar upp smiðjur. Hönnunarsafnið í Garðabæ er gott dæmi um það en þar eru haldnar reglulegar hugmyndasmiðjur fyrir krakka. Söfnin eru rík af viðburðum sem hægt er að kynna sér á heimasíðum þeirra.“

### Ná til fleiri gesta

Helga segir íslensk söfn fylgjast vel með kröfum gesta og standi til að mynda framarlega á heimsvísu hvað varðar tækninýjungar. Eitt af því sem einkenni íslensk söfn sé framsetning sýninga á fleiri en einu tungumáli.

Framhald af forsíðu ➪

Mörg bjóða til að mynda upp á hljóðleiðsögn á fleiri tungumálum, skýringarmyndir, bæði ljósmyndir og teikningar og texta. Með því leggja söfnin sig fram um að ná til fleiri gesta og mæta ólíkum þörfum þeirra,“ útskýrir Helga. „Þá eru sum íslensk söfn að ganga í gegnum breytingar og sem dæmi má nefna að Sjóminjasafnið í Reykjavík, Byggðasafnið að Görðum á Akranesi og Listasafnið á Akureyri eru öll að vinna að nýjum grunnsýningum.

### Ofurtenging nauðsyn í nútímanum

Helga segir þema Safnadagsins; Ofurtengd söfn: Ný nálgun, nýir gestir, lýsandi fyrir þær áskoranir sem söfn standi frammi fyrir í dag. Samfélagsmiðlar leiki stórt hlutverk í kynningarstarfi og íslensk söfn nýti þá vel.

„Söfnin eru á Facebook, Instagram, Twitter og Snapchat. Í breyttum heimi tækninnar eru einnig vefsíður eins og til dæmis Trip Advisor helsta hjálpartæki erlendra ferðamanna þegar ákveða skal hvað á að skoða. Það er gaman að segja frá því að íslensk söfn hafa almennt fengið góðar umsagnir á Trip Advisor,“ segir Helga og Guðný bætir við að með samfélagsmiðlum nái söfnin til breiðari hóps.

„Instagram og Twitter er ný leið til þess að laða þá að sem annars kæmu ekki. Þá fer einnig fram heilmikil miðlun á efni á heimasíðum safnanna. Grunnþáttur í starfsemi safna er í raun eins. Það er að varðveita og passa upp á safnkostinn. Þegar kemur að miðlunar- og fræðsluþættinum fara söfnin ólíkar leiðir að því að koma sínu á framfæri,“ segir Guðný.



Guðný Dóra og Helga Maureen hvetja landsmenn til þess að kíkja á söfn á Alþjóðlega safnadaginn sem og aðra daga.

### Tilnefning til safnaverðlauna heiður

Íslensku safnaverðlaunin hafa verið veitt annað hvert ár við hátíðlega athöfn á Bessastöðum frá árinu 2000. Verðlaunin eru veitt fyrir framúrskarandi starf og metnað og nýstárlegar leiðir til miðlunar. Bæði ICOM og FÍSOS eiga fulltrúa í valnefnd og segir Guðný ávallt mikla spennu skapast kringum verðlaunin.

„Það er heiður að hljóta þessi verðlaun en ekki síður að fá tilnefninguna,“ segir Guðný. „Síðast hlaut Byggðasafn Skagfirðinga safnaverðlaunin, safn sem á sér langa sögu og er fyrirmynd annarra safna hvað varðar rannsóknarstarf, miðlun og fleira. Síldarminjasafnið á Siglufirði varð fyrsta safnið sem hlaut verðlaunin og er gott dæmi um safn sem setur sterkan svip á bæjarfélagið,“ segir Guðný.

Þrjú söfn eru tilnefnd í ár og þann 5. júní mun forseti Íslands veita viðurkenninguna á Bessastöðum.


Leik- og grunnskólabörn heimsækja Byggðasafnið í Görðum.

## Óþekkir settir í gapastokkinn

Í maímánuði á ári hverju fær Byggðasafnið í Görðum marga hópa úr leikskólum og skólum í heimsókn og fylgir því forvitni og fjör. Krakkarnir fá að heyra ýmislegt frá fyrri tíð. Meðal þess sem kemur krökkum á óvart er að „óþekkir“ hafi verið settir í gapastokk og að tveir hafi sofið í hverju litlu rúmi baðstofunnar. Í bakgrunni má sjá Garðahús, steypt hús, sem var byggt á árunum 1876-1882.

## Safnið á röngunni með Einari Þorsteini Ásgeirssyni arkitekt

Ég nota módel til að gera tilraunir, ég geri tilraunir til að skilja“ (Einar Þorsteinn).

Árið 2014 færði arkitektinn Einar Þorsteinn Ásgeirsson (1942-2015) Hönnunarsafni Íslands allt innvols vinnustofu sinnar að gjöf. Um er að ræða dagbækur, módel, ljósmyndir, málverk, skissubækur, húsgögn og fleira sem tengist lífi hans og störfum, líklega um 1.500 munir.

Einar Þorsteinn var brautryðjandi í rúmfræðirannsóknum og sérfræðingur í margflötungum. Hann var á undan sinni samtíð hvað varðar hugmyndir um sjálfbærni og er best lýst sem sannkölluðum endurreisnarmanni. Hann starfaði um langt skeið með myndlistarmanninum Ólafi Elíassyni, meðal annars við hönnun glerhjúps tónleikahússins Hörpu.


Gestir geta fylgst með þegar hlutir eru teknir upp úr kössum, ljósmyndaðir og skráðir í safnmunaskrána Sarp.

Næstu mánuði mun starfsfólk Hönnunarsafns Íslands ásamt ýmsum góðum gestum skrásetja þessa muni í sýningarsal safnsins. Hér geta gestir fylgst með þegar hlutir eru teknir upp úr kössum, þeir ljósmyndaðir og skráðir í Sarp sem er safnmunaskrá og loks pakkað eftir kúnstarinnar reglum.

## Nýló fagnar fjörutíu árum

Vissir þú að ...
Nýlistasafnið, eða Nýló, er eitt elsta safn og sýningarrými í Evrópu í umsjón listamanna, stofnað árið 1978 og fagnar því 40 ára afmæli í ár. Sérstaða Nýló er að vera listamannarekinn vettvangur, samhliða því að vera viðurkennt safn með safneign en slíkt þekkist varla í alþjóðlegu samhengi. Auk þess að varðveita safneign sem telur yfir 2.000 verk, heldur Nýló einnig utan um heimildir um gjörninga og arkíf um listamannarekin rými.

Í safneigninni má meðal annars finna verkið Rigning eða Andlit í rigningu frá 1972 eftir Jón Gunnar Árnason (1931-1989), en það er þekkt sem eitt af fyrstu hugmyndafræðilegum verkum listamannsins. Rigning býður áhorfendum að verða þátttakendur í verkinu með því að skoða sína eigin spegilmynd í fallandi rigningu. Verkið verður hluti af 40 ára afmælissýningu safnsins sem verður opnuð í byrjun júní og stendur til 12. ágúst 2018.



» Áhorfendur verða þátttakendur í verkinu með því að skoða sína eigin spegilmynd í fallandi rigningu.

## Komdu á safn fer í loftið í dag

Komdu á safn er yfirskriftin á myndbandi sem fer í loftið á Safnadaginn 18. maí. Myndbandið verður sýnilegt á samfélagsmiðlum og heimasíðu FÍSOS, safnmenn.is, og dreift sem víðast. Það er kvikmyndateymið MASH sem á heiðurinn af þessari kynningu á söfnum á Íslandi.




# Njóta, fræðast og fá innblástur

Alþjóðlegi safnadagurinn verður spennandi á Þjóðminjasafni Íslands. Fjölskyldufólk er sérstaklega velkomið.

Tilnefnt til
**Íslensku safnaverðlaunanna**
2018

Gestum býðst að skoða grunnsýningu Þjóðminjasafnsins með því að fara í ratleik um safnið, gestir fá tvo miða á verði eins og frítt er inn á safnið fyrir börn yngri en 18 ára. Fjölmargar sýningar eru í boði og notalegt kaffihús fyrir alla fjölskylduna í safninu

„Heimsókn á safn snýst um að njóta stundarinnar, fræðast og fá innblástur, hitta vini og fjölskyldu, fá sér gott kaffi og einfaldlega vera til. Á Þjóðminjasafninu er alltaf eitthvað nýtt að skoða og það er engin ástæða til að setja sig í þær stellingar að maður þurfi að læra alla Íslandssöguna á einu bretti, heldur einfaldlega skoða það sem vekur áhuga hverju sinni,“ segir Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður og minnir á að börn séu ávallt velkomin á safnið.

### Grunnsýningin í forgrunni

Margrét segir að í tilefni af alþjóðlega safnadeginum verði grunnsýning Þjóðminjasafnsins í forgrunni en auk hennar verði sérsýningarnar Prýðileg reiðtygi, Dysnes: Heiðnar grafir í nýju ljósi og ljósmyndasýningin Langa blokkin í Efra-Breiðholti í aðalhlutverki. „Okkur langar að bjóða gestum að njóta þess sem safnið hefur upp á bjóða og kynnast sýningum safnsins hverju sinni. Þar er eitthvað við allra hæfi, s.s. allt frá jarðfundnum minjum á landnámstíma, til áhugaverðar samtímarýni. Allt eru þetta sýningar sem einkennast af fjölbreytileika mannlífs í gegnum aldirnar og litríkum menningararfi almennt. Sýningin Prýðileg reiðtygi hefur vakið mikla athygli og aðdáun en þar má sjá söðla, fagurlega glitofin og saumuð söðuláklæði og fallegt handverk sem endurspeglar listfengi og handverk fyrr á tímum. Á Dysnessýningunni fær fólk góða innsýn í fornleifarannsókn sem nú stendur yfir en í fyrra fundust sex kuml á Dysnesi við Eyjafjörð sem varpa nýju ljósi á forna greftrunarsiði. Í þessum heiðnu gröfum fundust m.a. sverð, skjaldbólur, nælur, silfurhringur og perlur sem eru til sýnis á safninu. Á ljósmyndasýningunni Langa blokkin í Efra-Breiðholti fá gestir að sjá líf íbúa og umhverfi þeirra í 320 metra blokk í Reykjavík en íbúarnir koma frá öllum heimsins hornum, en hér hafa sest að innflytjendur allt frá landnámi sem okkur finnst vert að vekja athygli á í sýningum okkar,“ upplýsir Margrét.


„Okkur langar að bjóða gestum að njóta þess sem safnið hefur upp á bjóða og kynnast sýningum þess hverju sinni,“ segir Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður. MYND/ERNIR

Starfsfólk Þjóðminjasafnsins tekur vel á móti gestum og Margrét á von á mikilli stemningu á morgun. „Við vonumst til að sem flestir gefi sér tíma til að koma á Þjóðminjasafnið og njóti stundarinnar með okkur,“ segir hún að lokum.

Aðgöngumiði að Þjóðminjasafninu gildir einnig í Safnahúsið við Hverfisgötu sem tilheyrir Þjóðminjasafni Íslands. Allar nánari upplýsingar má fá á vefnum www.thjodminjasafn.is.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Veffang: frettabladid.is

# Lifandi safngripir á fræðandi skiltum

## Ný rafræn upplýsingaskilti í íslensku flórunni kynnt í Grasagarðinum í dag

Tilnefnt til
**Íslensku safnaverðlaunanna**
2018


Úr safndeild íslensku flórunnar en í Grasagarði Reykjavíkur eru safngripirnir 5.000 plöntur af 3.000 tegundum.

Vissir þú að stöngull eskisins (Equisetum hyemale) var notaður til að fægja pönnur og potta áður fyrr? Eða að hægt er að nota gulmöðru (Galium verum)sem hleypi í ostagerð? Þá er samkvæmt þjóðtrúnni hægt að koma í veg fyrir illt umtal með því að tína hófsóley (Caltha palustris) þegar sól er í ljónsmerkinu, dýfa í lambsblóð, vefja í lárviðarlauf ásamt úlfstönn og geyma svo á sér. Þessar upplýsingar og meira til er hægt að fá á nýjum rafrænum skiltum í safndeild íslensku flórunnar í Grasagarði Reykjavíkur.

Lifandi plöntur eru hluti af menningarlandslagi okkar og hefur Grasagarðurinn í samstarfi við Centro Integrado Público de Formación Profesional de Cheste í Valencia á Spáni útbúið rafræn upplýsingaskilti. Upplýsingarnar má nálgast með því að skanna QR-kóða á skiltum valinna plantna í safndeild íslensku flórunnar í garðinum. Marco Matilla hefur séð um hönnun og efnisöflun í samráði við starfsfólk Grasagarðsins. Rafrænu skiltin innihalda latnesk, íslensk og ensk nöfn plantnanna, lýsingu á þeim og myndir, og hvort þær séu lækningajurtir auk sögu og þjóðlegs fróðleiks. Þá gaf Náttúrufræðistofnun Íslands góðfúslegt leyfi til að birta útbreiðslukort plantnanna.



Rafrænt upplýsingaskilti um hina smávöxnu en fögru gulmöðru eða Galium verum.

Nýju upplýsingaskiltin verða kynnt í Grasagarðinum kl. 17 í dag og eru í anda þema safnadagsins 2018 „Ofurtengd söfn: ný nálgun, nýir gestir“. Skiltin verða svo í framhaldinu aðgengileg gestum sem hluti af sýningu safndeildar íslensku flórunnar. Skiltin eru á ensku og geta erlendir gestir garðsins kynnt sér þær plöntur sem þeir geta átt von á að sjá á ferðum sínum um Ísland og fá þannig í gegnum plönturnar aðeins öðruvísi innsýn í sögu og menningu landsins.

# Falin perla í Hveragerði

## Listasafn Árnesinga hefur lagt áherslu á tengingu við samfélagsmiðla. Safnið er virkt bæði á Facebook og Instagram. Inga Jónsdóttir safnstjóri segir þetta spennandi verkefni.

Tilnefnt til
**Íslensku safnaverðlaunanna**
2018

Inga segir að sumarsýning safnsins, sem opnuð verður á morgun sé unnin með margmiðlunartækni í huga sem ætti að höfða til nýrra gesta. „Þeir verða þátttakendur í sýningunni og hafa áhrif á sköpunina. Við höfum nýlega ráðið til okkar fræðslu- og kynningarfulltrúa sem taka til starfa þann 1. júní, Hrönn Traustadóttur og Kristínu Þóru Guðbjartsdóttur. Hrönn var tengiliður safnsins í samstarfi við Listalest LHÍ og fjóra grunnskóla af svæðinu sem tóku þátt í List fyrir alla. Þær munu tengja safnið meira við samfélagsmiðlana en gert hefur verið,“ segir Inga.

Listasafn Árnesinga er í Hveragerði og er rekið af öllum sveitarfélögum í Árnessýslu. „Við vorum að fá tilnefningu hjá Grapevine sem eitt af þremur helstu söfnum Suðurlands sem er gríðarlega ánægjulegt en safnið er enn sem komið er með fleiri íslenska gesti en erlenda,“ segir Inga og bendir á að mikilvægt sé að fólk viti af þessari földu perlu í Hveragerði.


Sýning Sigrúnar Harðardóttur verður opnuð á morgun.

Sýningin, sem opnuð verður á morgun, nefnist HVER / GERÐI og þar sjá má verk eftir Sigrúnu Harðardóttur listakonu. „Líkt og heiti sýningarinnar gefur til kynna er viðfangsefni Sigrúnar á sýningunni hverir og gróður. Þar má sjá hvernig gagnvirkni og skyntækni eru tvinnuð saman og áhorfendum boðið að taka þátt. Með eigin þátttöku ná þeir að upplifa fjölmarga möguleika þessarar tækni í samspili lita, hreyfinga og hljóðs. Inn á milli gagnvirkra verka og skúlptúrs innsetninga eru líka málverk sem gera áhorfendum kleift að njóta þeirrar fagurfræði sem til verður í umbreytingunni milli hefðbundinna og tæknivæddra mynda,“ útskýrir Inga en í tvígang verður fluttur gjörningur á sýningunni, sem er samtal milli strengjahljóðfæris og striga. Á fyrri gjörningnum er það kontrabassaleikarinn Leifur Gunnarsson sem leikur á móti Sigrúnu,“ segir Inga og bendir á að nýlega hafi staðið yfir sýning um Þjórsá eftir Borghildi Óskarsdóttur sem sömuleiðis hafi vakið athygli gesta.

Meðal sýninga fram undan er sýning arkitektanema í júlí en þema hennar er Hveragerði. „Haustsýning okkar verður opnuð 17. ágúst en þar verða sýnd tréskurðarverk úr eigu safnsins eftir Halldór Einarsson sem verða látin kallast á við verk fjögurra yngri listamanna, Önnu Hallin, Birgis Snæbjörns Birgissonar, Guðjóns Ketilssonar og Sigrúnar Rósu Jónsdóttur sem mynda ólík tengsl við verk Halldórs. Okkur finnst áhugavert að kveikja líflega umræðu um sýningarnar og leggjum áherslu á vítt sjónarsvið,“ segir Inga en margt spennandi er að gerast í Listasafni Árnesinga og vilji fólk tengja safnið við samfélagsmiðla er hægt að nýta sér eftirfarandi merkingar á Instagram #LÁ, #LÁHVERAGERÐI, #LISTASAFNÁRNESINGA, #LHÍ, #LHÍLISTALEST2018, #LISTALEST2018, #LÁLLISTFYRIRALLA2018.

Safnið er opið alla daga kl. 12-18. Aðgangur er ókeypis.
Listasafn Árnesinga, Austurmörk 21, 810 Hveragerði, Sími: 483 1727/895 1369. listasafnarnesinga.is.

# Hefur þú séð stóra hjartað?


Beinagrind steypireyðarinnar sem Hvalasafnið varðveitir liggur á bakinu líkt og tíðkast þegar hvalshræ rekur á land. LJÓSMYND/HULD HAFLIÐADÓTTIR.

Vissir þú að Hvalasafnið á Húsavík er eina sérhæfða safnið um hvali á Íslandi og sinnir mikilvægu fræðsluhlutverki um þessa ljúfu risa hafsins og búsvæði þeirra? Safnið er jafnframt meðal vinsælustu ferðamannastaða á Norðurlandi.

Beinagrindur 11 hvaltegunda í fullri stærð eru til sýnis auk fjölda muna sem tengjast hvölum og sögu hvalveiða við Ísland.

Stóra hjartað á Hvalasafninu er 25 metra löng beinagrind af steypireyði sem rak á land á Skaga sumarið 2010. Beinagrindin er afar fágæt, sú eina á Norðurlöndum og ein af sárafáum í heiminum. Á sýningunni er jafnframt ljósmyndaröð sem sýnir ferlið við að draga hræið á land, hreinsun beinanna og uppsetningu grindarinnar í Hvalasafninu á Húsavík.

Það fer vel á því að steypireyðurin sé varðveitt á Húsavík, höfuðstað hvalaskoðunar á Íslandi. Skjálfandaflói sem bærinn stendur við er einn af örfáum stöðum í heiminum þar sem fólk getur fylgst með stærstu skepnum jarðarinnar svo nálægt landi.

# Fyrsta vélknúna landbúnaðartækið á Íslandi

Vissir þú að í ár eru 100 ár síðan fyrsta dráttarvélin kom til Íslands? Þetta var vél af gerðinni Avery 8-16, framleidd í Bandaríkjunum og var fyrsta vélknúna landbúnaðartækið sem kom hingað til lands. Vélin var einungis 16 hestöfl en vó 2,5 tonn. Hún var kennd við Akranes og nefnd Akranestraktorinn. Með þessari vél var lagður grunnur að tæknivæðingu íslensks landbúnaðar – þar með þurfti færra fólk til að framleiða meiri mat fyrir stækkandi þéttbýli. Á þessum 100 árum hafa dráttarvélarnar stækkað og nýtingin aukist til muna – landbúnaður dagsins í dag byggir að stórum hluta á því afli sem dráttarvélar geta skilað af sér. Á Landbúnaðarsafni Íslands á Hvanneyri má sjá nokkrar af þeim dráttarvélum sem hafa haft mest áhrif á íslenskan landbúnað á liðinni öld.



# Byssustingur sjóræningja í Sagnheimum


Teikningin er eftir Jakob Smára Erlingsson og er hluti af sýningu safnsins.

Vissir þú að í Sagnheimum, byggðasafni Vestmannaeyja, má sjá muni frá dögum Tyrkjaránsins árið 1627? Þar er meðal annars byssuhlaup sem fannst við dýpkun hafnarinnar árið 1968 og fræðimenn telja að megi tengja sjóræningjunum sem komu frá Alsír. Einnig er á safninu handlína Þorbjargar Eyjólfsdóttir sem var hertekin en fékk frelsi árið 1636 á þrælamarkaði á Ítalíu. Handlína er klútur sem tilheyrði gamla faldbúningnum og hékk við beltið. Ekkert er vitað frekar um afdrif Þorbjargar en handlínan, slitin en fagurlega útsaumuð, var í eigu sömu fjölskyldu í Vestmannaeyjum í marga ættliði. Nú er hún til sýnis gestum í Sagnheimum. Tveir mjög ólíkir gripir sem báðir geyma verðmæta sögu.

# Spennandi námsefni í Minjasafni Austurlands

Minjasafn Austurlands hleypti nýverið af stokkunum nýju námsefni sem kennarar geta nálgast á heimasíðu safnsins.

„Okkur langaði til að gera safnfræðsluna skilvirkari og fjölbreyttari segir Elsa Guðný Björgvinsdóttir safnstjóri. „Árið 2016 fengum við styrk úr Safnasjóði til að láta vinna efnið fyrir okkur og höfum í framhaldinu samstarf við Unni Maríu Sólmundsdóttur sem á námsefnisgagnabankann Kennarinn.is en hún semur efnið og setur það upp.“

Námsefnið er byggt upp þannig að einn námsefnispakki er eyrnamerktur hverjum bekk grunnskólans. Mismunandi umfjöllunarefni eru fyrir hvern árgang en öll tengjast þau á einhvern hátt sýningum og safnkosti Minjasafnsins eða sögu Austurlands.



„Efnið er hugsað sem stuðningur við heimsóknir á safnið en einnig er lagt upp með að þeir kennarar sem ekki eiga þess kost að koma með nemendur sína í heimsókn, t.d. vegna fjarlægðar, geti nýtt efnið við sína kennslu og þannig skyggnst inn um glugga safnsins í gegnum netið,“ segir Elsa Guðný.

# Skrímsli á Akureyri

## Furðuverur, skuggaleikhús og forvitnilegar upplýsingar finnast á Minjasafni Akureyrar. Hægt er að fara í fortíðina.

Í elsta bæjarhluta Akureyrar er Minjasafnið á Akureyri og Nonnahús í fögru umhverfi fyrsta tjáræktargarðs Akureyrar með hinni fallega einföldu Minjasafnskirkju.

Vissir þú að Nonni var þekktasti listamaður Íslands á fyrri hluta 20. aldar? Húsið ber þess merki, enda fullt af bókum á ýmsum tungumálum, jafnvel kínversku, esperanto og rússnesku. Nonni bjó á Akureyri til 12 ára aldurs, þá fór hann til Evrópu, gerðist jesúítaprestur og síðar rithöfundur.

Hefur þú séð skrímslin og tjaldbúðirnar á Minjasafninu á Akureyri? Viltu prófa að gerast íbúi á Akureyri á 19. öld? Á Minjasafninu eru þrjár sýningar opnar í sumar.

Skrímslin eru hluti af sýningunni Land fyrir stafni, árlegri sýningu úr safni 80 einstakra landakorta frá 1547-1808 þar sem Ísland tekur á sig alls konar myndir bæði þekktar og óþekktar. Á þeim er að finna fólk, furðuverur og forvitnilegar upplýsingar. Gömul kort kalla á margmiðlun fortíðarinnar. Furðuverurnar spretta fram sem styttur í herbergi kortagerðarmannsins þar sem leika má með ýmsa muni, skuggaleikhús og í júní bætist við leikborð með furðuverum og seglskipum þar sem hægt verður að lenda í ýmsum ævintýrum.

Það er óvenjulegt að tjalda á safni. Hvað þá að setja upp tjaldbúðir. Þegar gera á ríkulegu 100 ára starfi skáta á Akureyri skil í sýningu er það hins vegar mjög skiljanlegt og skemmtilegt.

Akureyri, bærinn við Pollinn, er sýning þar sem þú stígur aftur í tímann og kynnist bæjarlífinu frá ýmsum sjónarhornum, setur jafnvel upp hatt og gerist bæjarbúi á 19. öld.



Börn og fullorðnir njóta þess sem Nonnahús og Minjasafnið hafa að bjóða.




Margir þekkja Nonna og Manna en færri vita að Nonni var þekktasti listamaður Íslands á fyrri hluta 20. aldar og voru bækur hans þýddar á mörg tungumál.

Önnur söfn sem heyra undir Minjasafnið eru Davíðshús, heimili skáldsins frá Fagraskógi, og Gamli bærinn Laufás. Hægt er að kaupa aðgang að öllum fjórum söfnunum sem gildir í sólarhring.

Minjasafnið á Akureyri er í Aðalstræti 58. Sími 462 4162. Sjá nánar á minjasafnid.is.

# Merkilegir munir frá einstökum stað

## Á Minjasafni Egils Ólafssonar er hægt að skoða marga merkilega muni frá sögu sunnanverðra Vestfjarða.

Á Minjasafni Egils Ólafssonar að Hnjóti í Örlygshöfn er einstætt safn merkilegra muna frá sunnanverðum Vestfjörðum. „Þessir munir segja sögu sjósóknar, landbúnaðar og daglegs lífs á svæðinu. Þeir veita góða innsýn í lífsbaráttu fólks og þá útsjónarsemi og sjálfsbjargarviðleitni sem það varð að beita til að komast af við erfiðar aðstæður í gegnum aldirnar,“ segir Óskar Leifur Arnarsson safnstjóri. „Á safninu er að finna marga áhugaverða muni. Fjöldi gesta kemur til dæmis til að fræðast um björgunarafrekið við Látrabjarg árið 1947 eða til að skoða muni frá Gísla á Uppsölum, meðal annars hattinn hans.“



Á Minjasafninu á Hnjóti er hægt að sjá alls kyns áhugaverða muni. MYND/HAUKUR SIGURÐSSON

Á grunnsýningu safnsins er breiðfirskur bátur sem heitir Gola, en Jón á Skálanesi afi Óskars safnstjóra, var seinasti eigandi bátsins. „Bátar voru mjög mikilvægur hluti af lífi fólks á svæðinu, ekki aðeins til sjósóknar, heldur einnig sem samgöngumáti, landbúnaðartæki og til nýtingar á hlunnindum,“ segir Óskar. „Þau hlunnindi sem meðal annars voru nýtt í Breiðafirðinum voru dúnn, egg, fugl og selur.“

Í næsta nágrenni við safnið á Hnjóti er Látrabjarg, en þar var stunduð mikil eggjataka og veiðar á fugli. „Enn í dag sígur fólk í bjargið eftir eggjum, en fuglaveiðarnar hafa verið bannaðar,“ segir Óskar. „Þegar staðið er á bjargbrúninni með þverhnípið og ólgandi sjóinn við Látraröst fyrir framan sig áttar maður sig á hættunni sem fólk lagði sig í við að færa björg í bú.

Eðli landsvæðisins og fólksfækkun til sveita á undanförnum áratugum hefur gert það að verkum að það er erfitt að smala og því hefur fé sums staðar gengið úti svo árum skiptir. Nú í sumar er svo von á sérstökum gestum á safnið, því um miðjan júní verður opnuð sýning um villiféð í fjallinu Tálkna,“ segir Óskar. „Það eru þau Bryndís Snæbjörnsdóttir og Mark Wilson sem vinna að gerð sýningarinnar og hún fjallar um aðgerðirnar sem lagt var í þegar fjárstofninum í fjallinu var smalað og slátrað á árunum 2008 og 2009. Bryndís og Mark skoða á sýningunni mörk þess að vera húsdýr og villt, út frá ýmsum sjónarhornum.“

Minjasafnið að Hnjóti er opið alla daga frá 1. maí til 30. september, frá kl. 10-18.



## Áhugaverðar sýningar í einu elsta húsi borgarinnar

Aðalstræti 10 hefur nýlega verið opnað sem safna- og sýningahús á vegum Borgarsögusafns Reykjavíkur. Um er að ræða elsta og eitt merkasta hús borgarinnar, í hjarta gamla miðbæjarins, en það var reist árið 1762 fyrir starfsemi verksmiðja Innréttinganna.

**Í húsinu eru þrjár sýningar:**

Ljósmyndasýningin Reykjavík 1918, en sýningin er samstarfsverkefni Þjóðminjasafns Íslands og Borgarsögusafns Reykjavíkur í tilefni aldarafmælis fullveldis Íslands og er styrkt af afmælisnefnd viðburðarins.

Torfhúsabærinn Reykjavík er sýning sem byggir á rannsóknum Hjörleifs Stefánssonar arkitekts. Sýningin fjallar um torfhús í Reykjavík frá upphafi landnáms til fyrstu áratuga 20. aldar.

Í elsta hluta hússins er sýningin Aðalstræti 10 – Minningar 1762-1900 sem hefur að geyma ýmsa forvitnilega muni úr safneign. Sýningarhönnuður er Þórunn Elísabet Sveinsdóttir.

Í húsinu er einnig starfrækt vönduð safnbúð Borgarsögusafns Reykjavíkur er býður upp á úrval sérhannaðra minjagripa og gjafavöru.

Aðalstræti 10 er hluti af Borgarsögusafni Reykjavíkur – einu safni á fimm frábærum stöðum.

## Enginn veit hve steinninn er gamall

Margir safnmunir sem eiga langa og merkilega sögu láta lítið yfir sér. Fyrir framan gamla torfbæinn í Glaumbæ í Skagafirði er úthöggvinn steinn. Annars vegar er höggvið gat í steininn, hins vegar eru tvö þrep höggvin í hann. Þetta er hestasteinn. Gatið er til að binda í en þrepin eru fyrir konur og börn til að stíga upp á steininn og setjast í reiðverið. Þessi steinn kom sér vel fyrir konur sem riðu í söðli. Ef þær höfðu ekki góða „bakþúfu“, eins og þennan stein til að stíga upp á, þurftu þær að fá einhvern til að lyfta sér í söðulinn. Þær gátu sveiflað sér hjálparlaust í söðulinn af steininum. Enginn veit hve gamall hann er eða hver hjó hann. Steinninn tengist mörgum þáttum í sögu lands og þjóðar, s.s. merkilegri sögu sem rakin er í sýningunni „Prýðileg reiðtygi“, sem nú er í Þjóðminjasafni Íslands.





## Leikgleði og litir í Hafnarborg

Í Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar, má fram til 27. maí sjá tvær áhugaverðar sýningar. Í Aðalsal fæst Jóhanna Kristbjörg Sigurðardóttir við margþættar innsetningar. Mikil leikgleði ríkir í verkum hennar sem einkennast af flæði forma og lita sem hún vinnur með á ljóðrænan hátt líkt og um sjálfstætt tungumál sé að ræða. Í Sverrissal dansa verk Jóns Axels Björnssonar á litríkum mörkum hins sýnilega og ósýnilega, á milli forma sem birta okkur hluti og fanga huglægt ástand. Verkin einkennast af stórum einlita flötum sem skipta upp myndfletinum og fljóta á yfirborði hans, mannsmyndir skjóta upp kollinum á leið út eða inn við jaðar myndrammans. Veitingastaðurinn Krydd var opnaður í Hafnarborg fyrr í mánuðinum og verður enginn svikinn af heimsókn þangað. Hafnarborg er opin frá 12-17 alla daga nema þriðjudaga og ókeypis aðgangur.


UPPSELT Í STÚKU
FOREIGNER
LAUGARDALSHÖLL | 18. MAÍ 2018
I WANT TO KNOW WHAT LOVE IS • COLD AS ICE
WAITING FOR A GIRL LIKE YOU • URGENT
SAY YOU WILL • DOUBLE VISION • JUKE BOX HERO
EKKI MISSA AF ÞESSU
MIÐASALA Í FULLUM GANGI Á MIDI.IS
/ FOREIGNER Á ÍSLANDI
VÍKING BRUGGHÚS
Vista Expo

# Heimurinn horfir til Bretlands

## Það verður stór dagur í Bretlandi á morgun þegar Harry prins og Meghan Markle ganga í hjónaband í St George's kapellu í Windsor kastala. Athöfnin hefst kl. 11 að íslenskum tíma.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Konunglegt brúðkaup kallar á athygli heimsins. Flestum finnst áhugavert að horfa á fræga fólkið koma prúðbúið til kirkju en gefnar hafa verið út mikilvægar leiðbeiningar fyrir þá sem ætla að standa fyrir utan kapelluna á laugardag. Fólk þarf að vera vel klætt, myndavélar og stórar töskur eru bannaðar í nærliggjandi umhverfi. Búist er við miklum mannfjölda fyrir utan Windsor á laugardaginn og mikil öryggisgæsla er á svæðinu. Sýnt verður beint frá brúðkaupinu á RÚV og hefst dagskráin kl. 10.10. Margir bíða spenntir eftir að sjá brúðarkjól Meghan en ekki er vitað hvernig hann mun líta út. Konunglegir brúðarkjólar eru eftirsótt umfjöllunarefni fjölmiðla um allan heim.

Líklegast er það mörgum enn í fersku minni þegar Díana prinsessa gekk að eiga Karl Bretaprins 29. júlí 1981. Heimsbyggðin fylgdist með í beinni útsendingu þegar Díana gekk inn kirkjugólfið í gríðarlega skreyttum og miklum brúðarkjól. Sjaldan hefur brúðkaup vakið jafnmikla athygli. Díana er móðir Vilhjálms og Harry, sem nú stendur í sporum föður síns þá. Díana lést í bílslysi 31. ágúst 1997. Karl prins kvæntist aftur Camillu Rosemary Shand í Windsor 9. apríl 2005.

Bróðir Harrys, Vilhjálmur, kvæntist Katrínu Middleton 29. apríl 2011 í Westminster Abbey. Þá var mikið um dýrðir í Lundúnum og heimurinn allur fylgdist með í beinni útsendingu. Brúðkaup þeirra Vilhjálms og Katrínar þótti afar glæsilegt. Þau hjónin eiga nú þrjú börn.

Það eru þó ekki bara konungleg brúðkaup í Bretlandi. Hákon, krónprins Noregs, gekk að eiga Mette-Marit 25. ágúst 2001. Þá var kátt í norsku höllinni í Ósló og fjöldi gesta fylgdist með. Mette-Marit var einstæð móðir þegar þau Hákon kynntust og voru margir Norðmenn á móti þessum ráðahag. Þau eiga tvö börn saman.

Friðrik, krónprins Danmerkur, gekk í heilagt hjónaband með Mary Elízabeth Donaldson þann 14. maí 2004 í dómkirkjunni í Kaupmannahöfn. Þar með fékk hún nafnbótina krónprinsessa en hún verður drottning Danmerkur þegar Friðrik tekur við af móður sinni. Mary er frá Tasmaníu þar sem hún var alin upp á borgaralegan hátt. Danir hafa ávallt verið ánægðir með val Friðriks en þau Mary eiga fjögur börn.

Viktoría krónprinsessa í Svíþjóð giftist Daniel Westling 19. júní 2010. Þau kynntust þegar hann var einkaþjálfari hennar. Daniel fékk nafnbótina prins þegar hann kvæntist Viktoríu og var gerður að hertoga af Vestur-Gautlandi. Þau hjónin eiga tvö börn.

Það voru margir farnir að efast um að Albert, prins af Mónakó, myndi ganga út. Það kom því mörgum skemmtilega á óvart þegar hann trúlofaði sig í júní 2010 og bauð síðan í brúðkaupsveislu sína og Charlene Wittstock í júlí 2011. Það var tveggja daga veisla í höllinni og sjaldan verið jafnmikið tilstand í Mónakó eða frá því að móðir hans, Hollywood-stjarnan Grace Kelly, gekk að eiga föður Alberts, Rainier prins. Þau hjónin eignuðust tvíbura í desember 2014.



Katrín og Vilhjálmur prins giftu sig 29. apríl 2011. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY



Hákon, krónprins Noregs, og Mette-Marit giftu sig í Ósló 25. ágúst 2001.



Friðrik krónprins og Mary Donaldson giftu sig 14. maí 2004.



Karl prins og Camilla Parker Bowles giftu sig 9. apríl 2005.

1. Karl prins og Díana giftu sig 29. júlí 1981.

2. Viktoría, krónprinsessa Svíþjóðar, og Daniel giftu sig í Stokkhólmi 19. júní 2010.

3. Charlene og Albert II, prins af Mónakó, giftu sig 2. júlí 2011.



1



2



3

Þann 14. júní n.k. mun stórglæsilegt sérblað um HM í knattspyrnu fylgja Fréttablaðinu.

**ÁFRAM ÍSLAND**

Blaðið kemur út sama dag og flautað er til leiks á mótinu.
Fyrsti leikur Íslands er tveim dögum síðar, gegn ljón sterku liði Argentínu.

Í blaðinu er að finna eitthvað fyrir alla. Gallharðir fótboltaáhugamenn fá sinn skammt af áhugaverðum viðtölum og fróðleik. Auk þess er slegið á léttari strengi fyrir þá sem hafa almennt minni áhuga á boltanum en eru að sjálfsögðu gallharðir stuðningsmenn íslenska liðsins. Í blaðinu verður einnig að finna stórt leikjadagatal sem auðvelt er að kippa út úr blaðinu og færa inn úrslit leikja jafnóðum á meðan á mótinu stendur.




**Áhugasamir auglýsendur geta fengið nánari upplýsingar í síma 512 5402 eða með því að senda póst á netfangið serblod@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

JS Watch co.
REYKJAVIK



# VIÐ KYNNUM MEÐ STOLTI
# ÍSLENSKA HM ÚRIÐ




WORLD CUP MMXVIII úrið er hannað í tilefni af glæsilegum árangri íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu þegar þeir tryggðu sér sæti á heimsmeistaramóti í fyrsta sinn í sögunni. Úrið er framleitt í takmörkuðu upplagi á úrsmíðaverkstæði Gilberts Ó. Guðjónssonar og eru aðeins 300 númeruð úr í boði.

Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar. Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.

SHOP OF THE YEAR
Njörður Award 2013
www.jswatch.com

GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100

# Kirkjan er fólkið

**Kór Lindakirkju heldur stórtónleika á annan í hvítasunnu þar sem frægir gospelsálmar verða fluttir í bland við nýja íslenska gospeltónlist. Áslaug Helga Hálfdánardóttir lofar himneskri upplifun.**

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Ég hef alltaf verið trúuð á Guð, allt frá því að ég var lítið barn, en guðfræðinámið dýpkaði vitund mína um Guð," segir Áslaug Helga Hálfdánardóttir, söngkona, tónskáld og djákni við Lindakirkju.

Áslaug er líka grunnskólakennari og hafði kennt í fimmtán ár þegar hún ákvað fyrir þremur árum að læra til djákna við guðfræði- og trúarbragðadeild Háskóla Íslands.

„Ég fór í djáknanám því mig langaði að vita meira. Ég hef stundum grínast með að ég vildi ekki vera sú vitlausasta í Lindakirkju því allir hinir vissu svo mikið, en í raun þyrsti mig í meiri og dýpri þekkingu á trúmálum. Námið dýpkaði þekkingu mína á Guði og trúarbrögðum sem flest okkar hafa aðeins yfirborðsþekkingu á en mikil saga býr undir. Svo skemmdi ekki fyrir að Biblían er stórskemmtileg aflestrar," segir Áslaug og hlær.

## Var í Klamedíu X

Áslaug var söngelskt barn og farin að semja lög á unglingsaldri. Hún lauk burtfararprófi í klassískum söng frá Söngskólanum og einnig söngkennaranámi.

„En ég hef líka daðrað við poppaðri tónlist og var í hljómsveitunum Kalki og Klamedíu X. Nafn hljómsveitarinnar er mörgum eftirminnilegt en þar sem Þráinn og Jón Geir fóru síðan í Skálmöld, Bragi í Baggalút, Örlygur varð tónskáld og Snorri Hergill rithöfundur vil ég helst ekki að Klamedían festist við mig," segir Áslaug og skellir upp úr.

Hún gerðist kórfélagi í Kór Lindakirkju í mars 2010 en í janúar sama ár tók Óskar Einarsson, sem er einnig stjórnandi Gospelkórs Fíladelfíu, við sem tónlistarstjóri Lindakirkju.

„Óskar er meistari á sínu sviði og fullur eldmóðs þegar kemur að tónlist," segir Áslaug sem á fyrsta ári sínu í kórnum var farin að semja gospellög fyrir kórinn í útsetningum Óskars.

„Gospel er trúarleg tónlist og ég sem mest af henni nú. Ég er aldrei lengi að semja. Lögin bara streyma til mín og yfirleitt þegar ég hef engan tíma í lagasmíðar. Ég sest sjaldnast niður í þeim tilgangi að semja lag því þá gerist yfirleitt ekki neitt."

## Gott fyrir sálina að syngja

Á annan í hvítasunnu er hefð fyrir því að Kór Lindakirkju haldi stórtónleika og á því verður engin breyting í ár.



Áslaug Helga Hálfdánardóttir er söngkona, tónskáld og djákni við Lindakirkju. Kirkjan er vel sótt og vinsæl, kór hennar rómaður, og Áslaug segir mikilvægt að kirkjan komi til móts við fólkið því kirkjan sé fólkið. MYND/ANTON BRINK

„Þetta verða stórkostlegir tónleikar þar sem öflugar raddir syngja kröftuga gospeltónlist í bland við mýkri tónsmíðar. Á söngskránni verða fræg gospellög eftir Kirk Franklin og fleiri gospelstjörnur en líka frumflutningur á lagi eftir Sigurð Ingimarsson kórfélaga og majór í Hjálpræðishernum. Sérstakur gestur verður Arnar Dór Hannesson sem lenti í öðru sæti í The Voice 2017 og sjálf syng ég einsöng ásamt fleirum úr kórnum," segir Áslaug og lofar stórkostlegri skemmtun með frábærri hljómsveit og einstökum söngröddum.

„Fólk dregst að gospeli því það fyllir kirkjuna lífi og dillandi tónum og það er svo nærandi fyrir sálina að syngja og hlusta á tónlist. Það er líka frábært að blanda saman gospeli og hefðbundnum sálmum. Allar stíltegundir tónlistar eiga rétt á sér innan kirkjunnar og það þarf ekki að vera ein stefna í boði alls staðar. Þeir sem vilja hlusta á klassíska kirkjutónlist eiga að geta sótt hana í kirkjur þar sem hún er virkilega vel flutt og þeir sem vilja heyra gospel geta komið til okkar."

Kór Lindakirkju lenti í öðru sæti í sjónvarpsþáttunum Kórar Íslands og hefur undanfarna páska sungið í söngleiknum Jesus Christ Superstar í Hörpu og Hofi. Hann stefnir að upptöku á frumsömdu efni í haust.

„Við tökum okkur ýmislegt fyrir hendur utan hefðbundins messusöngs, sem er auðvitað alltaf á okkar höndum. Flestir sem koma til messu í Lindakirkju verða hissa þegar þeir heyra í kórnum syngja fallega sálma í bland við hressandi gospel. Í kórnum eru fimmtíu söngvarar og færri komast að en vilja. Óskari berast vikulega óskir um að komast í kórinn en á haustin eru inntökupróf ef losnar um og þá gerðar miklar kröfur til söngvaranna, enda samanstendur kórinn af mjög flottum söngvurum, bæði lærðum og ólærðum," upplýsir Áslaug.

## Öll reynsla þroskar mann

Hvítasunna er stór hátíð kristinna manna og þess minnst þegar heilagur andi kom yfir lærisveina Jesú sem stofnuðu kristna kirkju.

„Sannarlega verða trúarleg stef í tónlistinni enda er gospel trúartónlist, en fyrst og fremst eru tónleikarnir skemmtun og hefð kórsins á hvítasunnu," segir Áslaug sem nýtur sín vel í starfi djáknans.

„Ég hlakka alltaf til að mæta til vinnu í kirkjunni, hér er góður mórall og vinnan er skemmtileg og fjölbreytt. Ég sakna þess ekki að kenna en er þó alltaf að kenna hér í kirkjunni, í fermingarfræðslunni, með unglingagospelkórnum, á foreldramorgnum og fleiru. Kennaranámið hefur því nýst mér vel í kirkjunni. Sálgæsla getur svo verið erfið og auðvitað kemur fullt af sorglegum hlutum inn á borð manns í kirkju, en maður reynir að taka það ekki með sér heim og öll reynsla þroskar mann."

Tónleikarnir hefjast í Lindakirkju klukkan 20, 21. maí. Mikil aðsókn er á tónleika Kórs Lindakirkju og hægt að nálgast miða fyrir fram í Lindakirkju en miðar verða líka seldir við innganginn. Aðgangseyrir er 2.000 krónur en frítt fyrir tólf ára og yngri.



Kór Lindakirkju varð í 2. sæti í sjónvarpsþáttunum Kórar Íslands og eiga sér marga aðdáendur enda fádæma góður sönghópur sem syngur undir styrkri stjórn Óskars Einarssonar.



# Smáauglýsingar

512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

SPARIbill



Suzuki S-Cross GLX 10/2014 ekinn aðeins 27 þús km. 4x4. Sjálfskiptur. Leður. Glerþak. Xenon ljós. 17" álfelgur. Bakkmyndavél. Dráttarkrókur. Leiðsögubúnaður ofl. Ofl. Einn eigandi - Þjónustubók. Verð: 3.580.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

### Hópferðabílar



**RÚTUR TIL SÖLU**
Ýmsar stærðir og gerðir. Verð frá 990.000 kr. Nánari uppl. veitir Óskar í síma: 699-3219

### Bátar

VEIÐIPORTIÐ



Bellybátur ,pumpa taska og sundfit Aðeins 24.900 kr Veiðiportið Grandagarði 3 552-9940

MARÁS
TOHATSU UTANBORÐSMÓTORAR



JAPÖNSK GÆÐI!
Léttir Fyrirferðalitlir Hljóðlátir
Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hö
Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

## Þjónusta

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

HÚSAVIÐGERÐIR
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna s:6974650

Getum bætt við okkur verkefnum, parketlagnir, uppsetningar, þök og klæðningar.Tilboð eða tímavinna. Smiðsafl. S. 693 8773.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Önnur þjónusta



Parketslípun og Málun www. parketogmalun.is 25 ára reynsla. Parket og málarameistari að störfum. Maitilboð: 2900 kr fm. 7728100

## Keypt & Selt

### Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

# Húsbílar á tilboði

TILBOÐ



**Ford Transit 2.4 diesel Carado húsbíll**

árg 2010, ekinn 124 þ. km, 6 gíra, á tvöföldum að aftan, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur.

**Verð 5.990.000**

**Tilboð nú 3.490.000.**

TILBOÐ



**Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll**

árg 2009, ekinn 144 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast.

**Verð 4.990.000.-**

**Tilboð 2.990.000.**

TILBOÐ



**Ford Transit 2.2 diesel LMC Húsbíll**

árg 2009, ekinn 142 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur.

**Verð 4.990.000,**

**Tilboð 2.990.000.**

TILBOÐ



**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll**

árg 2011, ekinn 145 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur.

**Verð 5.590.000**

**Tilboð 3.990.000.**

TILBOÐ



**Carado húsbíll**

árg 2015 ekinn ca 100 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2

**Verð 7.490.000.**

**Tilboð 5.990.000**

**Bíllinn er í Keflavík Uppl. síma 776 7600**

TOURINGCARS
gummi@touringcars.eu

**Allir bílarnir eru staðsettir í Keflavík. Upplýsingar í síma 776 7600**

**Touring Cars ehf, Klettatröð 19, 262 Keflavík (Ásbrú)**

**Möguleiki á allt að 100% láni.**

## Til sölu



Til sölu Sharp og Toshiba skjávarpar. S. 869 9766




**LAGERSALA 30-70% AFSLÁTTUR !**

Úrval af girðingaefni til sölu. ÍsBú Síðumúla 29, inngangur að neðanverðu. S. 5629018

VEIÐIPORTIÐ



Niðsterkar PVC vöðlur Í veiðina,fjósið eða bara þar sem vöðlur þurfa að vera sterkar St. 38-48 Besta verðið 10.900 kr Veidiportid Grandagardi 3 s.552-9940 veidiportid.is

VEIÐIPORTIÐ



Bússur- Þessar gömlu góðu. 8.900 kr. St. 40-48 Veiðiportið Grandagarði 3 S:552-9940

## Fyrirtæki

**LÍTIL BÍLASALA TIL SÖLU!**

Allar bifreiðar árg. 2014/15. Aðstoð við bókanir og frí aðstaða út sumarið kemur til greina. Mjög auðveld kaup fyrir réttan aðila.

**Upplýsingar gefur Kristján Örn. Sími 898-8822 Netfang: kristjan@kristjan.is**

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**

## Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

## Atvinnuhúsnæði

Bjart snyrtilegt 350 m2 iðnaðarhúsn. til leigu í Grundarfirði. Stór vinnusalur, stórt eldhús, kaffistofa, og gott herbergi. Allt á 210 þ. á mán. Laust 20 maí. S: 696-7254 + 660-1060

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

## Atvinna

## Atvinna í boði

Óska eftir vönum mönnum í múrverki einnig koma til greina 2-3 lærlingar. Uppl. s: 849-4423 Róbert, 7862772 Reynir og 8683928 Binni.

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

Bilstjóra með rútupróf vantar í vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingar í síma 8942901

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir:

- **Lagning háspennustrengs og ljósleiðara í Bláfjöllum, Kópavogi**
- **Efnistaka í Svartagili, Þingvallasveit í Bláskógabyggð**

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106 /2000. Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík og á vef stofnunarinnar www.skipulag.is. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **19. júní 2018.**

## Skemmtanir




## Útboð

# ÚTBOÐ

### Gerðarsafn – Listasafn Kópavogs óskar eftir áhugasömum rekstraraðilum til að taka að sér veitingarekstur í bjartri kaffistofu á neðri hæð safnsins.

**Sá sem annast veitingarekstur þarf að:**

- Bjóða upp á fjölbreytar veitingar sem henta starfsemi safnsins.
- Hafa reynslu og hæfni til að sinna veitingarekstri.
- Búa yfir góðri samskiptahæfni og vera fær um að sinna fjölbreyttum hópi gesta.
- Vera tilbúinn til að þróa reksturinn í takt við starfsemi safnsins hverju sinni.

Gerðarsafn er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 11.00–17.00. Auk þess nær veitingareksturinn til veitingaþjónustu vegna útleigu safnsins fyrir viðburði, fundi og veislur utan opnunartíma. Gerðarsafn tilheyrir Menningarhúsum Kópavogs en undir þeim hatti eru einnig Salurinn, Bókasafn Kópavogs, Náttúrufræðistofa Kópavogs og Héraðsskjalasafn Kópavogs sem eru í næsta nágrenni við safnið. Sundlaug Kópavogs er skammt undan.

Áætlaður gestafjöldi menningarhúsanna á svæðinu á ársgrundvelli er hátt í tvö hundruð þúsund manns.

Gert er ráð fyrir að rekstraraðili starfi með forstöðumanni menningarmála Kópavogs og forstöðumanni Gerðarsafns að því að setja nýjan brag á veitingaþjónustu og ná til nýrra markhópa auk þeirra sem fyrir eru. Vilji rekstaraðili gera breytingar innanhúss skal hann skila inn upplýsingum um þær ásamt kostnaðaráætlun með umsókn. Tekið er á móti öllum umsóknum með opnum huga. Áhugasömum er bent á að hafa samband við Soffíu Karlsdóttur forstöðumann menningarmála Kópavogs, í gegnum netfangið: soffiakarls@kopavogur.is, til að fá nánari upplýsingar um verkefnið. Tilboðum þarf að skila fyrir **kl 11:00 28. maí 2018** í afgreiðslu Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1.

Tilboð verða opnuð á sama stað mánudaginn 28. maí í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.

Kópavogsbær kopavogur.is

## Fasteignir




### SELMÝRARVEGUR 13 – GRÍMSNESI

**OPIÐ HÚS LAUGARDAGINN 19. MAÍ KL. 13:00 – 15:00**

Glæsilegur 84,8 fm. sumarbústaður á eignarlóð við Álftavatn í Grímsnesi. Anddyri, opið svæði með eldhúsi, stofu og borðstofu. Útgengi út á stóran pall með heitum potti. Þrjú svefnherbergi, svefnloft og baðherbergi með sturtu. Tvær góðar geymslur. Stór lóð vaxin kjarri og fallegum trjágróðri. Glæsilegt útsýni er úr húsinu, stutt í alla þjónustu, golfvelli og sundlaugar. Aðeins 45 mínútna keyrsla úr Reykjavík. **V. 34,9 millj.**



**SVEINN EYLAND** Löggiltur fasteignasali. S. 512 4900

**ÞÓRARINN THORARENSEN** sölustjóri. Sími 770 0309



**LANDMARK FASTEIGNASALA**

**SÍMI 512 4900 - HLÍÐARSMÁRI 2 - LANDMARK.IS**

domus



Elsa Björg Þórólfsdóttir löggiltur fasteignasali

### Sumarhús í Grímsnes- og Grafningshreppi




**Opið hús laugard. 19. maí og sunnud. 20. maí kl. 14 – 17**

**(þegar keyrt er frá Reykjavík þarf að keyra Biskupstungnabraut, framhjá Kerinu og beygt niður Kiðjabergsveg. Hlið á hægri hönd merkt Hraunborgir. Ef hliðið er læst hringið í Kristinn sími: 895-9712 sem mun opna hliðið.**

Virkilega fallegt sumarhús í Grímsnes- og Grafningshreppi. Um er að ræða heilsárshús 79,8 fm. á einni hæð með einstöku útsýni. Húsið stendur við Skipasund í Hraunborgum og er leigulóð. Hiti í gólfum. Þrjú svefnherbergi. Geymsla með sérinngangi. Pallur með heitum potti. **Verð: 25.8 millj. Umsjón: Elsa Björg sími: 664-6013**

**www.domus.is**

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

blómaval

# SUMAR BLÓMA SPRENGJA

Vinsælustu sumarblómin okkar á ótrú-legu verði alla helgina á meðan birgðir endast



**Vilmundur Hansen,** garðyrkjufræðingur, gefur góð garðyrkjuráð kl 13-16 fyrir viðskiptavini laugardag og sunnudag í Blómaval Skútuvogi.

Margarita 13cm potti
**999kr**
~~1.790kr~~

Stjúpur 10stk í bakka
**999kr**
~~1.890kr~~
10210630



Tilboð
Lobelia 15cm potti
**999kr**
~~1.990kr~~
10210374



Tilboð
Gljámispill 3ltr potti
**999kr**
~~1.490kr~~



Tilboð
Margarita
**999kr**
~~1.790kr~~
10211200



Tilboð
Snædrífa 14cm potti
**999kr**
~~1.990kr~~
11211012



Tilboð
Kryddplöntur í 14cm potti
**999kr**
~~1.799kr~~
10260704



Frábært verð
Úrvals gróðurmold 45 ltr.
**999kr**
10333658




Tilboð
Graskorn 5kg
**1.190kr**
~~1.590kr~~



Pottur hvítur 39x31 cm 3.990kr
11441593

Pottur hvítur 30x24 cm 2.990kr
11441594

Pottur hvítur 21x18 cm 1.690kr
11441595



Pottur grár 39x31 cm 3.990kr
11441587

Pottur grár 30x24 cm 2.990kr
11441588

Pottur grár 21x18 cm 1.690kr
11441589

## Merkisatburðir

**1160** Eiríkur Svíakonungur, síðar Eiríkur helgi, drepinn (dagsetning samkvæmt helgisögu Eiríks).

**1268** Orrustan um Antiokkíu: Mamlúkasoldáninn Baibars leggur krossfararíkið Antiokkíu undir sig og eyðir borginni.

**1514** Frans, krónprins Frakklands, og Claude af Bretagne ganga í hjónaband.

**1565** Tyrkjaveldi hefur umsátur um Möltu sem var hrundið þremur mánuðum síðar.

**1756** Sjö ára stríðið hefst formlega milli Frakka og Englendinga.

**1897** Stokkseyrarhreppi skipt í Stokkseyrarhrepp og Eyrarbakkahrepp.

**1920** Sambandslögin frá 1918 staðfest með breytingum á stjórnarskrá.

**1930** Strandferðaskipið Súðin kemur til Íslands.

**1973** Breski sjávarútvegsráðherrann Joseph Godber lýsir því yfir að herskip muni gæta breskra fiskiskipa við veiðar innan 50 mílna landhelgi Íslands.

**1978** Selfoss fær kaupstaðarréttindi.

**1980** Eldfjallið Sankti Helena í Washington-ríki gýs. 57 fórust og tjónið var metið á þrjá milljarða dollara.

**1989** Verkfalli Bandalags háskólamanna lýkur. Þá hafði það staðið í sex vikur og valdið mikilli röskun á skólastarfi.

**1991** Helen Sharman verður fyrsti Bretinn í geimnum og fyrsta konan sem kemur í geimstöðina MÍR með sovéska geimfarinu Sojús TM-12.

**1993** Danir samþykkja Edinborgarsamþykktina og þar með Maastricht-sáttmálann með fjórum fyrirvörum.

**1994** Félag leikmynda- og búningahöfunda stofnað á Íslandi.

**2003** 260 farast í flóðum þegar fellibylur gengur yfir Srí Lanka.

**2006** Silvía Nótt syngur lagið „Congratulations“ fyrir hönd Íslands í forkeppni Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2006.

**2009** Tæplega 26 ára löngu borgarastríði á Srí Lanka lýkur með sigri stjórnarhersins.

**2013** Emmelie de Forest vinnur Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2013 fyrir Danmörku með laginu „Only Teardrops“.

# Hljóðver bókasafnsins opnað fyrir almenning

**Í Borgarbókasafninu Grófinni leynist lítið hljóðver þar sem safnið hefur verið að framleiða hlaðvarpsþætti um bækur og safnkostinn. Í dag mun þetta hljóðver verða opnað til „útláns“ og geta lánþegar tekið þar upp eigin hlaðvörp – eða bara hvað sem er.**

Þetta er búið að vera svolítið lengi í bígerð hjá okkur – rúmt ár. Þetta hófst nú þannig að ég hlusta sjálf svolítið á hlaðvarpsþætti og þar á meðal þátt sem Borgarbókasafnið í Stokkhólmi heldur úti og við hrifumst af þessum möguleika fyrir okkur til að tala um bækur og vekja athygli og áhuga á safnkostinum og öllu sem við erum að bralla hér. Núna er um það bil ár síðan fyrstu þættirnir okkar fóru í loftið, þeir sem við framleiðum sjálf. Svo héldum við áfram og tókum eina syrpu síðasta sumar, tókum leikhúsbókmenntir síðasta haust og fengum krakka til okkar til að spjalla um barnabækurnar fyrir jólin. Við erum alveg með langa lista af efni til að tala um í framtíðinni,“ segir Sunna Dís Másdóttir, verkefnastjóri hjá Borgarbókasafninu, en í Borgarbókasafninu í Grófinni hefur verið starfrækt hlaðvarpsframleiðsla í litlu hljóðveri sem nú í dag verður opnað almenningi.


**Sunna Dís Másdóttir, verkefnastjóri Borgarbókasafnsins, segir að hugmyndin hafi í raun kviknað út frá eigin áhuga á hlaðvarpsþáttum.**

„Þessi hugmynd kviknaði svona samhliða þessu – fyrst að við vorum búin að koma okkur upp aðstöðu og tækjabúnaði á annað borð þá fannst okkur það bara algjörlega rökrétt og frábært að hleypa fleirum að. Og það erum við að gera núna, við erum að opna þessa aðstöðu okkar fyrir gesti og lánþega sem geta gert sína eigin hlaðvarpsþætti, eða tekið löng og ítarleg viðtöl við áhugavert fólk eða bara haldið einræðu um eigið hugðarefni.“

Ferlið er þannig að áhugasamir senda tölvupóst á hladvarp@borgarbokasafn.is og bóka þannig herbergið.

„Svo kemur fólk til okkar, fær lykilinn að Kompunni þar sem við erum búin að útbúa leiðbeiningar sem við höldum að séu nokkuð aðgengilegar. En ef fólk lendir í vandræðum þá er hér tæknikunnugt fólk sem getur eflaust stokkið til og reynt að leiðbeina svolítið. Í framhaldinu vonumst við líka til þess að geta haldið smiðjur eða stutt námskeið fyrir þá sem vilja fá aðeins dýpri skilning á þessu.“

Tækjabúnaðurinn sem boðið er upp á er upptökutæki, hljóðnemar, aðgangur að tölvu með klippiforriti þar sem hægt er að snurfusa útkomuna til – svo gengur fólk út með afraksturinn á minniskorti eða sendir það í gegnum netið.

Í dag verður svo formleg opnun á þessari nýju viðbót við safnið og hefst hún klukkan 17 í Grófinni.

„Þá geta allir komið og kíkt í Kompuna og fengið að prófa tækið. Við ætlum líka að spila þættina með lestrarhestunum okkar inni í barnadeild og svo frammi á því sem við köllum Handavinnutorg ætlum við að spila þáttinn sem drottning hlaðvarpsins gerði fyrir okkur, Vera Illugadóttir. Þar verður frumfluttur þátturinn hennar um bókaþjófinn – bókasafnsglæpasaga í Veru-stíl – mjög spennandi!“ segir Sunna Dís

stefanthor@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 18. MAÍ 2006

## Silvía Nótt móðgar Evrópu

„Ég vil fara heim til pabba“ veinaði Silvía Nótt í beinni útsendingu eftir að hún hafði ekki hlotið náð fyrir augum Evrópubúa eftir innslag sitt í forkeppni fyrir söngvakeppni Evrópskra sjónvarpsstöðva.

Þennan dag fyrir tólf árum söng hún lag sitt Til hamingju Ísland í forkeppninni sem fór fram í Grikklandi. Áhorfendur keppninnar tóku afar dræmt í atriði hennar en mikið var púað á hana á meðan lagið var flutt.

Lagið sem vann það árið flutti finnska þungarokkshljómsveitin Lordi, Hard Rock Hallelujah.

Í umfjöllun Fréttablaðsins daginn eftir sagðist hún hafa verið ötuð rógi og að hún ætlaði að leita á ný mið með tónlist sína. „Ég ætla að fara á annan stað, þar sem er eitthvað fólk með heila, skilurðu,“ sagði hún. „Ég ætla að fara til Ameríku þar sem ég á fullt af frægum vinum og þar sem ég ætla að gera nýja plötu með Silvíu Night.“ Lítið hefur þó spurst til Silvíu Nætur og Ameríkuævintýra hennar.


**Sumir vilja meina að Ágústa Eva Erlendsdóttir hafi verið Silvíu Nótt.**

---

✝

**Valdimar Bjarnfreðsson**
listamaður

verður jarðsunginn frá Fossvogskapellu mánudaginn 28. maí nk. kl. 13 og jarðsettur í Kotstrandarkirkjugarði.

**F.h. aðstandenda, Bjarnfreður Ólafsson.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Þuríður Guðmundsdóttir**
Kleppsvegi 4,

lést á líknardeild Landspítalans mánudaginn 14. maí. Útför auglýst síðar.

**Haukur Már Stefánsson** **Soffía Bryndís Guðlaugsdóttir**
**Arnheiður Svala Stefánsd.** **Jens Ormslev**
**Guðmundur Þór Stefánsson**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og afi,

**Kristján Pétur Guðmundsson**
apótekari,
Hagamel 47,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk, þann 29. apríl. Útförin fór fram í kyrrþey þann 11. maí frá Neskirkju.

**Kristín Ingiríður Hallgrímsson**
**Ásta Júlía Kristjánsdóttir**
**Tómas Þór Kristjánsson**
**og barnabörn.**

---



✝

Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gunnar Páll Herbertsson**

lést mánudaginn 30. apríl. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir eru til þeirra sem önnuðust hann síðustu ár á hjúkrunarheimilinu Sóltúni, Landakoti L-4 og dagþjálfun að Borgum.

**Sigríður Samúelsdóttir**
**Stefán Gunnarsson** **Anna Birna Jensdóttir**
**Heimir Jón Gunnarsson** **Sari Paavola**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

